

# Mat á gildi atkvæða í kosningum

Leiðbeiningar landskjörstjórnar



Landskjörstjórn



# Mat á gildi atkvæða í kosningum

Leiðbeiningar landskjörstjórnar



Landskjörstjórn

Mat á gildi atkvæða í kosningum - leiðbeiningar landskjörstjórnar.

1. útgáfa, maí 2026.

Tekið saman af landskjörstjórn.

Útgefandi: Landskjörstjórn.

Hönnun, umbrot og prentun: Svansprent ehf.

Forsíða: Birgir Þorsteinn Jóakimsson.

ISBN: 978-9935-9846-2-3.

# Efnisyfirlit

Formáli .....	9
Inngangur .....	10
<b>1. Almenn atriði .....</b>	<b>13</b>
1.1. Um talningu og flokkun atkvæða .....	13
1.2. Vafaatkvæði .....	15
1.3. Meðhöndlun ágreiningsseðla eftir talningu .....	15
1.4. Ágreiningsseðlar og mat á gildi þeirra .....	16
<b>2. Kjölfundaratkvæði .....</b>	<b>17</b>
2.1. Almenn .....	17
2.2. Merkingar og tákn .....	19
2.2.1. Merkingar og tákn sem ekki ógilda atkvæði .....	19
2.2.2. Merkingar og tákn sem ógilda atkvæði .....	20
2.3. Áletranir og merkingar á bakhlið .....	20
2.4. Auðkenning .....	20
2.4.1. Tákn og áletranir .....	21
Skýringardæmi 1 – Ógilt: Ólöglegt D ritað á kjörseðil .....	21
Skýringardæmi 2 – Ógilt: Hjarta merkt í fering í stað X .....	22
Skýringardæmi 3 – Ógilt: Hjarta á atkvæðaseðli .....	22
Skýringardæmi 4 – Ógilt: Orð skrifað á kjörseðil .....	23
Skýringardæmi 5 – Ógilt: Merkt X í fering en skrifaður texti við annan frambjóðanda .....	23
Skýringardæmi 6 – Ógilt: Broskall á atkvæðaseðli .....	24
Skýringardæmi 7 – Ógilt: Merkt X í fering og merkt við nafn frambjóðanda á sama lista með skákrossi og pílu .....	25
Skýringardæmi 8 – Ógilt: Bókstafur ritaður á bakhlið kjörseðils og ekki merkt við framboðslista .....	26
2.4.2. Merkingar .....	27
Skýringardæmi 9 – Gilt: Merkt dauft X í fering .....	27
Skýringardæmi 10 – Ógilt: Merkt X efst á seðli utan svæðis sem er helgað framboðslistum .....	28
Skýringardæmi 11 – Gilt: Merkt X í fering og ólöglegur punktur (krot) við nöfn frambjóðenda annars lista en greitt er atkvæði .....	29
Skýringardæmi 12 – Gilt: Merkt X í fering við listabókstaf einnig 3 mm langt lóðrétt strik í miðjum ferningi fyrir framan annan listabókstaf ...	30
Skýringardæmi 13 – Gilt: Merkt X við listabókstaf og dauf/veik strik .....	31
Skýringardæmi 14 – Gilt: Merkt X í fering og dauft strik og daufur punktur í öðrum ferningi .....	32

Skýringardæmi 15 – Gilt: Óljóst tákn eða strik sem náði í listabókstafinn V á milli hans og ferningsins .....	33
Skýringardæmi 16 – Gilt: Dauft skástrik í fering fyrir framan listabókstafinn M, auk þess dregið stutt grannt strik á ská yfir bókstafinn .....	34
Skýringardæmi 17 – Gilt: Hak eða ólögulegt V í fering fyrir framan listabókstaf og krot á bakhlið .....	35
2.4.3. Rifinn kjörseðill .....	36
Skýringardæmi 18 – Ógilt: Rifið horn á kjörseðli .....	36
2.5. Skyggt í fering .....	37
2.5.1. Skyggt í fering og engar aðrar merkingar á kjörseðli .....	37
Skýringardæmi 19 – Ógilt: Skyggður feringur .....	38
Skýringardæmi 20 – Ógilt: Skyggður feringur, X sýnilegt undir skyggingu .....	39
Skýringardæmi 21 – Ógilt: Ólögulegt strik horn í horn í fering út fyrir ramma og párað út fyrir feringinn .....	40
Skýringardæmi 22 – Ógilt: Krotað ólögulega í fering .....	41
2.5.2. Skyggt yfir fering og aðrar merkingar .....	41
Skýringardæmi 23 – Gilt: Merkt X í fering og skygging í annan fering ...	42
Skýringardæmi 24 – Gilt: Merkt X í fering og skygging í annan fering með krassi .....	43
Skýringardæmi 25 – Gilt: Merkt X í fering, skygging í annan fering og hringur um þann fering og listabókstaf .....	44
2.6. Merkt við fleiri lista en einn .....	44
Skýringardæmi 26 – Ógilt: Merkt X í fering við eitt framboð en strikað yfir nöfn á lista annars framboðs .....	45
Skýringardæmi 27 – Ógilt: Merkt í fering og krassað yfir dálk með listabókstaf .....	46
Skýringardæmi 28 – Gilt: Merkt X í fering við lista og veik lína undir nafni frambjóðanda á öðrum framboðslista .....	47
Skýringardæmi 29 – Ógilt: Merkt X við tvo lista, reynt að afmá aðra merkinguna en X sýnilegt .....	48
Skýringardæmi 30 – Ógilt: Merkt X í fering og strikað yfir frambjóðanda á þeim lista. Merkingin strokuð út og X merkt í annan fering .....	49
2.7. Skrifað með penna eða lit .....	50
Skýringardæmi 31 – Gilt: Merkt X í fering og krotað yfir kross með blýanti og rauðum lit við annan listabókstaf .....	51
Skýringardæmi 32 – Gilt: Blár kross í feringi .....	52
Skýringardæmi 33 – Gilt: Merkt X og yfirstrikað nafn með rauðum penna .....	53
Skýringardæmi 34 – Ógilt: Ritað með penna og ritað ólögulegt S á kjörseðil .....	54

2.8.	Breyting á nafnaröð og yfirstrikanir .....	55
	Skýringardæmi 35 – Gilt: Nafnaröð breytt á lista .....	55
	Skýringardæmi 36 – Gilt: Strikað yfir nafn frambjóðanda .....	56
	Skýringardæmi 37 – Gilt: Merkt X við listabókstaf, merkt óreglulegt X yfir hluta lista og strikað yfir frambjóðanda .....	57
	Skýringardæmi 38 – Gilt: Strikað yfir nafn frambjóðanda án þess að merkt væri X í fering við lista .....	58
2.9.	Ritað á bakhlið .....	58
	Skýringardæmi 39 – Ógilt: Bókstafur ritaður á bakhlið kjörseðils og ekki merkt við framboðslista .....	59
	Skýringardæmi 40 – Ógilt: Á bakhlið atkvæðaseðils ritað X og bókstafur	60
	Skýringardæmi 41 – Ógilt: Á bakhlið atkvæðaseðils ritaður bókstafur stjórnmalasamtaka .....	60
	Skýringardæmi 42 – Gilt: Hak eða ólögulegt V í fering fyrir framan listabókstaf og krot á bakhlið .....	61
3.	<b>Utankjörfundaratkvæði</b> .....	62
3.1.	Bráðabirgðarannsókn á utankjörfundaratkvæðum .....	62
3.2.	Almennt um mat á gildi utankjörfundaratkvæða .....	64
	Skýringardæmi 43 – Gilt: Breytt nafnaröð .....	65
3.3.	Yfirstrikanir .....	65
	Skýringardæmi 44 – Gilt: Frambjóðanda hafnað .....	65
	Skýringardæmi 45 – Gilt: Stimplaður bókstafur, ritað nafn og strikað yfir	66
	Skýringardæmi 46 – Gilt: Ritaður bókstafur framboðs, strikað yfir og ritaður annar listabókstafur .....	66
3.4.	Ógreinilegar merkingar .....	67
	Skýringardæmi 47 – Gilt: Óskýrt hvort ritað sé O eða D .....	67
	Skýringardæmi 48 – Gilt: D ritað með snarhönd .....	68
	Skýringardæmi 49 – Ógilt: Tákn sem líkist bókstafnum I .....	68
3.5.	Listabókstafur eða listi ekki í framboði .....	69
	Skýringardæmi 50 – Gilt: Þ metið sem P – en Þ var eldri listabókstafur ...	69
3.6.	Mat á því hvaða framboðslista kjósendi hefur viljað greiða atkvæði .....	70
	Skýringardæmi 51 – Gilt: Ritað með óstyrkri hönd SJÁLFSTÆÐI .....	70
	Skýringardæmi 52 – Gilt: Ritað Miðjuflokkurinn .....	71
	Skýringardæmi 53 – Ógilt: Merking á ekki við um neitt framboð .....	71
	Skýringardæmi 54 – Ógilt: Ritað X-F Flokkur mansins .....	72
	Skýringardæmi 55 – Ógilt: Ritað Bort framtíð Jon .....	73
3.7.	Ritaður listabókstafur og nafn .....	74
	Skýringardæmi 56 – Ógilt: Ritaður listabókstafur og nöfn frambjóðenda sem ekki voru í framboði í kjördæminu og í sumum tilvikum strikað yfir þau .....	74

Skýringardæmi 57 – Ógilt: Listabókstafur og nöfn frambjóðanda sem ekki voru í framboði í kjördæminu .....	74
Skýringardæmi 58 – Ógilt: Ritaður listabókstafur, heiti listans og nöfn frambjóðenda stjórnmalaflokks sem voru í framboði í öðrum kjördæmum .....	75
Skýringardæmi 59 – Gilt: Listabókstafur stimplaður og fornafn frambjóðanda flokksins ritað á seðilinn .....	76
3.8. Auðkenning .....	77
Skýringardæmi 60 – Gilt: Ritaður listabókstafur framboðs og krot um 2 sm x 1 sm .....	77
Skýringardæmi 61 – Gilt: Atkvæðaseðill skorinn í tvennt í broti .....	78
Skýringardæmi 62 – Ógilt: Skrifað á atkvæðaseðil .....	79
Skýringardæmi 63 – Ógilt: Stimplaður listabókstafur I og jafnframt ritað S með blýanti .....	79
3.9. Ritað eða stimplað á bakhlið .....	80
Skýringardæmi 64 – Gilt: Ritað á bakhlið .....	80
Skýringardæmi 65 – Gilt: Ritað á bakhlið .....	80
<b>4. Þjóðaratkvæðagreiðslur .....</b>	<b>81</b>
4.1. Auðkenning .....	82
Skýringardæmi 66 – Ógilt: Auðkenni – upphrópunarmerki .....	82
Skýringardæmi 67 – Ógilt: Auðkenni – broskall .....	83
Skýringardæmi 68 – Ógilt: Auðkenni – upphrópunarmerki, hringir og þríhyrningar .....	83
Skýringardæmi 69 – Ógilt: Auðkenni – broskall og hjarta .....	84
<b>5. Óbundnar kosningar til sveitarstjórna .....</b>	<b>85</b>
5.1. Mat á gildi atkvæða .....	86
5.1.1. Einstaklingur hefur skorast undan kjöri .....	86
5.1.2. Fjöldi aðal- og varamanna .....	86
5.1.3. Sami aðili tilgreindur sem aðal- og varamaður .....	87
5.1.4. Ritun nafns og heimilisfangs .....	87

## Formáli

Landskjörstjórn hefur yfirumsjón með framkvæmd kosninga og annast framkvæmd kosningalaga nr. 112/2021 (hér eftir nefnd „kosningalög“). Með nýju kosningalögum sem tóku gildi þann 1. janúar 2022 var landskjörstjórn falið að gefa út leiðbeiningar um mat á vafaatkvæðum í kosningum. Fram til þessa hefur verið stuðst við leiðbeiningahefti um mat á vafaatkvæðum sem dómsmálaráðuneytið gaf út og hefur reynst vel við mat á vafaatkvæðum við kosningar.

Ein mikilvægustu réttindi borgaranna felast í kosningarréttinum og við samningu frumvarps sem varð að kosningalögum var áhersla lögð á að auka samræmi og tryggja samhæfingu í framkvæmd kosninga á öllum stigum kosningayfirvalda. Það er í þágu lýðræðis og eflir traust á kosningum að gildi atkvæða sé metið með samræmdum hætti óháð því hvaða kosningar um ræðir.

Hér lítur dagsins ljós nýtt leiðbeiningarrit um mat á gildi atkvæðaseðla í kosningum sem landskjörstjórn hefur unnið. Í ritinu er fjallað um ýmis tilvik sem koma upp í kosningaframkvæmd, veittar skýringar á ákvæðum kosningalaga auk þess sem birt eru skýringardæmi um hvernig mati á gildi atkvæða hefur verið háttað í fyrri kosningum.

Landskjörstjórn þakkar þeim Ara Karlssyni, Tómasi Hrafni Sveinssyni og Þóri Haraldssyni fyrir yfirlestur og gagnlegar ábendingar. Einnig eru Helgu Láru Hauksdóttur færðar þakkir fyrir aðkomu hennar að úrvinnslu heimilda og textaskrifum.

Ástríður Jóhannesdóttir,  
framkvæmdastjóri landskjörstjórnar

# Inngangur

Markmið kosningalaga nr. 112/2021 er að styrkja lýðræðið með öruggri framkvæmd kosninga og tryggja að beinar, frjálsar og leynilegar kosningar séu haldnar reglulega á Íslandi. Kosningalög gilda um kosningar til Alþingis, kosningar til sveitarstjórna, forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur.

Með lögnum var leitast við að gera kosningalöggjöfina einfaldari og nútímalegri. Þar er nú að finna fleiri reglugerðarheimildir en var í eldri lögum um kosningar og heimildir fyrir landskjörstjórn til að útbúa leiðbeiningar. Er þessum heimildum ætlað að koma í stað ítarlegri og tæknilegri útfærslna í lögum. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að kosningalögum kemur fram að fylgt sé því meginsjónarmiði að ákvæði er lúta að réttindum borgara verði í löggjöf en ákvæði er lúta að framkvæmd stofnana eða kjörstjórna verði að finna í reglugerðum eða leiðbeiningum.

Í 6. mgr. 105. gr. kosningalaga segir að ráðherra setji reglugerð um mat á gildi atkvæðaseðla, að fengnum tillögum landskjörstjórnar, og er það í samræmi við það meginsjónarmið sem lýst er hér að framan. Í 9. mgr. 20. gr. reglugerðar um talningu atkvæða nr. 447/2024, sem sett er á grundvelli kosningalaga, er mælt fyrir um að landskjörstjórn skuli útvega yfirkjörstjórnnum leiðbeiningar um mat á vafaatkvæðum í kosningum. Þetta leiðbeiningarit er gefið út með vísun til þess ákvæðis og er það ætlað yfirkjörstjórnnum, umboðsmönnum framboða og þeim er koma að talningu atkvæða í kosningum í þeim tilgangi að leiðbeina um úrlausn vafa- eða ágreiningsmála sem upp kunna að koma.

Í ritinu er fjallað um mat á gildi atkvæðaseðla sem vafi eða ágreiningur kann að vera um hvort séu gildir eða ógildir. Fjallað er um álitamál varðandi gildi atkvæðaseðla, bæði utankjörfundaratkvæða og atkvæða sem greidd eru á kjörfundi, í öllum kosningum sem fram fara á grundvelli kosningalaga.

Leitast er við að gera grein fyrir þeim niðurstöðum sem liggja fyrir varðandi mat á gildi atkvæða í kosningum, sérstaklega hjá kjörbréfanefnd Alþingis, auk þess sem fjallað er um þau meginsjónarmið sem gilda um mat á gildi atkvæða. Stuðst er við gildandi rétt eins og hann birtist í kosningalögum og þá framkvæmd sem hefur verið við lýði en hún kemur fyrst og fremst fram í álitum kjörbréfanefnda Alþingis og úrskurðum landskjörstjórnar. Í framkvæmd hafa mótast fordæmi við mat á vafaatkvæðum sem byggjast á úrskurðum yfirkjörstjórna, landskjörstjórnar og niðurstöðum Alþingis (kjörbréfanefnd). Oft koma upp sambærileg tilvik og hafa sum fordæmi fest sig svo í sessi að talið hefur verið að breyting á þeirri framkvæmd krefjist lagabreytingar.

Þá hafa ítrekað komið fram leiðbeiningar í álitum kjörbréfanefndar um að í vafatilfellum skuli lögð áhersla á vilja kjóсандans. Á þeim grundvelli hefur almennt verið litið svo á að atkvæði skuli metið gilt ef vilji kjósandans er skýr, kjörseðillinn ekki talinn auðkennilegur og aðrar ógildingarástæður ekki fyrir hendi. Ávallt þarf þó að líta til þeirra formreglna sem gerðar eru varðandi gildi atkvæða í kosningalögum, eins og ákvæðið segir, en oft á tíðum er það hárfín lína sem skilur þarna á milli.

Umfjöllunin skiptist í fimm kafla. Í fyrsta kafla er farið yfir almenn atriði, s.s. varðandi flokkun og talningu atkvæða og skilgreiningar á vafaatkvæðum og ágreiningsatkvæðum.

Í öðrum kafla er fjallað um mat á gildi kjörfundaratkvæða og er vísað til hans í öðrum köflum, til frekari skýringa ef við á. Leitast er við að gera hinum ýmsu tilvikum skil og sett fram skýringardæmi sem að jafnaði eiga sér stoð í álitum kjörbréfanefndar Alþingis eða úrskurðum landskjörstjórnar. Við dæmin eru skýringar þar sem ágreiningsefninu er lýst í samræmi við þær lýsingar sem liggja fyrir í skriflegum heimildum til glöggvunar og einföldunar fyrir notendur ritsins.

Í þriðja kafla er fjallað um mat á gildi utankjörfundaratkvæða og eru þar einnig sett fram skýringardæmi sem að jafnaði eiga sér stoð í álitum kjörbréfanefndar Alþingis eða úrskurðum landskjörstjórnar. Þá er í upphafi kaflans gerð grein fyrir bráðabirgðarannsókn kjörstjórna á utankjörfundaratkvæðum þótt hún lúti ekki að mati á utankjörfundaratkvæðinu sjálfu heldur að öðrum þáttum.

Í fjórða kafla er fjallað um mat á gildi atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslu. Skýringardæmi í kaflanum eiga sér öll stoð í úrskurðum landskjörstjórnar frá þjóðaratkvæðagreiðslunni 6. mars 2010.

Loks er í fimmta kafla að finna umfjöllun um mat á gildi atkvæða í óbundnum kosningum. Það er ekki um auðugan garð að gresja varðandi heimildir um mat á gildi atkvæða í óbundnum kosningum. Leitað var til yfirkjörstjórna í sveitarfélögum þar sem óbundin kosning hefur tíðkast í því skyni að kanna hvort þar væru til úrskurðir sem fjölluðu um gildi atkvæða í óbundnum kosningum. Engir úrskurðir komu í leitirnar við þessa eftirgrennslan. Við ritun kaflans var því fyrst og fremst stuðst við gildandi lög, almenna vitneskju og samtöl við fulltrúa yfirkjörstjórna þar sem óbundin kosning hefur farið fram.

Kjörseðlarnir sem eru sýndir í skýringardæmum eru gerðir af landskjörstjórn og settir fram í dæmaskyni. Áréttað er að útlit þeirra er ekki að öllu leyti í samræmi við reglur um útlit kjörseðla.

Í ritinu er vísað til kosningalaga nr. 112/2021 sem kosningalaga en laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000, sem nú eru fallin úr gildi, sem eldri kosningalaga.

Þá er vísað til kaflaheita í álitum kjörbréfanefndar eða eftir atvikum til greinargerðar undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa. Sem dæmi þýðir tilvísun í l.2.b að vísað sé til l. kafla, 2. töluliðar b-liðar í áliti kjörbréfanefndar Alþingis.

Álit og niðurstöður kjörbréfanefndar Alþingis er unnt að nálgast á vefnum [alþingi.is](http://alþingi.is).

Álit kjörbréfanefndar 2009.

Álit kjörbréfanefndar 2013.

Álit kjörbréfanefndar 2016.

Álit kjörbréfanefndar 2017.

Álit kjörbréfanefndar 2021.

Álit kjörbréfanefndar 2025. Sjá einnig greinargerð undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga á 156. löggjafarþingi.

Úrskurðir landskjörstjórnar í forsetakjöri 2024.

Úrskurður nefndar skv. 93. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórnar dagsettur 14. júní 2018 um framkvæmd sveitarstjórnarkosninga í Reykjanesbæ er fram fóru 26. maí 2018.

Úrskurðir landskjörstjórnar varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu eru varðveittir í skjalasafni Alþingis og eru einungis aðgengilegir þar.

# 1. Almenn atriði

## 1.1. Um talningu og flokkun atkvæða

Talning atkvæða hefst svo fljótt sem verða má að loknum kjörfundi, sbr. 1. mgr. 99. gr. kosningalaga. Fyrir þann tíma er heimilt að hefja flokkun atkvæða sem er undirbúningur talningar. Um flokkun gilda strangar reglur um trúnað, lokun rýmis og eftirlit. Ef flokkun atkvæða fer fram áður en kjörfundi lýkur skal rýmið þar sem flokkun fer fram vera lokað, innsiglað og vaktað af hálfu yfirkjörstjórnar þar til kjörfundi er formlega lokið, sbr. 2. mgr. 99. gr. kosningalaga. Með því að láta strangar reglur gilda um trúnað, lokun rýmis, eftirlit og innsigli við flokkun er verið að sporna við því að upplýsingar um framgang kosninga komist til almennings og geti þannig haft áhrif á framgang þeirra á meðan kjörstaðir eru enn opnir.

Í 16. gr. reglugerðar nr. 447/2024 um talningu atkvæða er fjallað ítarlega um flokkun atkvæða.

### Flokkun atkvæða við alþingis- og sveitarstjórnarkosningar

Við alþingiskosningar og sveitarstjórnarkosningar skal flokka atkvæðaseðla eftir listabókstöfum sem merkt er við á kjörseðli. Breyttum atkvæðaseðlum hvers lista skal haldið aðgreindum, auk þess sem halda skal auðum atkvæðum, öðrum ógildum atkvæðum og vafaatkvæðum sérgreindum.

### Flokkun atkvæða við forsetakjör

Við forsetakjör skulu atkvæðaseðlar flokkaðir eftir frambjóðendum. Auðum atkvæðum, öðrum ógildum atkvæðum og vafaatkvæðum skal haldið aðgreindum.

### Flokkun atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslur

Við þjóðaratkvæðagreiðslur skal flokka atkvæðaseðla eftir svarkostum. Halda skal auðum atkvæðum, öðrum ógildum atkvæðum og vafaatkvæðum aðgreindum.

Í öllum tilvikum skulu atkvæði að minnsta kosti flokkuð í tveimur umferðum. Tryggja skal að starfsfólk sem flokkar atkvæði í einni umferð komi ekki að flokkun atkvæða í annarri umferð. Tilgangur flokkunar er að undirbúa talningu þannig að atkvæðaseðlar sem greiddir eru sama svarkosti séu flokkaðir saman sem flýtir fyrir talningu atkvæðaseðla.

Í tíð eldri kosningalaga kom upp ágreiningur um mun á flokkun og talningu í kosningum til sveitarstjórna sem fóru fram 26. maí 2018 í Reykjanesbæ. Umboðsmenn tiltekins stjórnámálflokks kærðu þá brot á 76. og 77. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna og töldu að yfirkjörstjórn hefði hafið flokkun og talningu atkvæða fyrir luktum dyrum áður en kjörstöðum var lokað.

Í forsendum fyrir úrskurði nefndar skv. 93. gr. laga nr. 45/1998 frá 14. júní 2018 kemur fram að málsatvik hafi verið eftirfarandi:

*Í bókun yfirkjörstjórnar frá kjördegi kemur fram að skipt hafi verið um atkvæðakassa í kjördeildum klukkan 16.45. Samkvæmt bókun Pírata í gerðabók yfirkjörstjórnar voru atkvæði flokkuð í lokuðum sal klukkan 18.30 og má af því ráða að um hafi verið að ræða atkvæði úr þeim kjörkössum er þá höfðu verið fluttir úr kjördeildum á talningarstað. Fram kemur að hafist hafi verið handa við að telja atkvæði í 50 seðla búnt klukkan 21.30 og þeim raðað á borð. Loks kemur fram að klukkan 21.50 hafi verið framkvæmd talning á fjölda flokkaðra búnta og að niðurstöður talningar hafi verið tilbúnar klukkan 22.00. Af hálfu yfirkjörstjórnar hefur því ekki verið mótmælt að atvik hafi verið með þessum hætti.*

Yfirkjörstjórn hélt því fram að framangreindar aðferðir væru í samræmi við hefðir og venjur sem hefðu myndast við flokkun og talningu atkvæða og rúmuðust vel innan marka laganna. Nefndin taldi þvert á móti að þetta rúmaðist ekki innan marka laganna. Rökstuðningurinn var eftirfarandi:

*Samkvæmt 1. málsgrein 76. greinar laga nr. 45/1998 um kosningar til sveitarstjórna skal talning atkvæða fara fram fyrir opnum dyrum svo að kjósendum gefist kostur á að vera viðstaddir, eftir því sem húsrúm leyfir. Í 2. málsgrein 77. greinar laganna er mælt fyrir um að við framkvæmd atkvæðatalningar skuli kjörseðlar fyrst flokkaðir eftir listabókstöfum sem við sé merkt á hverjum seðli og síðan taldir undir stjórn yfirkjörstjórnar. Í 4. málsgrein 77. greinar laganna er svo tekið fram að heimilt sé að hefja flokkun atkvæða og undirbúa talningu þeirra fyrir luktum dyrum áður en kjörfundi lýkur.*

*Framkvæmd talningar við kosningar til sveitarstjórnar í Reykjanesbæ þann 26. maí sl. var með þeim hætti að talning atkvæða úr tilteknum kjörkössum fór fram fyrir luktum dyrum. Samrýmist þetta ekki framangreindu ákvæði 1. málsgreinar 76. greinar laga nr. 45/1998 enda nær heimild 4. málsgreinar 77. greinar einungis til að undirbúa talningu.*

Að lokinni flokkun atkvæða og yfirferð skal talningarstjóri eða annar starfsmaður í talningu, sem talningarstjóri tilnefnir, tryggja að atkvæði sem flokkuð eru eftir merkingu framboðslista, framþjóðenda eða svarkosta séu á afmörkuðum stað innan flokkunarrýmis. Breyttir atkvæðaseðlar hvers framboðslista eru lagðir sérgreindir hjá viðkomandi lista. Gæta skal þess að vel sé skilið á milli atkvæða mismunandi framboðslista, framboða eða svarkosta þannig að þau blandist ekki saman.

Atkvæðaseðlar skulu taldir í hæfilega bunka en yfirkjörstjórn ákveður fjölda atkvæða í bunka. Mikilvægt er að bunkarnir séu vel aðgreindir. Atkvæðaseðlarnir skulu taldir þar til niðurstaða talningar í bunkunum er sú sama a.m.k. tvisvar sinnum, sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 447/2024.

Yfirkjörstjórn er heimilt er að hefja rannsókn á utankjörfundaratkvæðum tímanlega fyrir kjördag, sbr. 92. gr. kosningalaga, sjá nánar í kafla 3.1.

## 1.2. Vafaatkvæði

Í kosningalögunum er fjallað um mat á gildi atkvæða og þar koma fram viðmið um hvenær atkvæði skuli metið ógilt og hvenær um er að ræða galla sem ekki veldur ógildi atkvæðisins. Við mat á vafaatkvæðum skal fyrst og fremst líta til ákvæða 102.-105. gr. kosningalaga.

Hugtakið vafaatkvæði er skilgreint í 4. gr. reglugerðar nr. 447/2024 um talningu atkvæða en þar segir að það sé atkvæði með öðrum merkingum en greinilegri merkingu við framboðslista, frambjóðanda eða svarkost. Vafaatkvæði eru tekin til hliðar við talningu og tekur yfirkjörstjórn þau til úrskurðar.

Yfirkjörstjórn, og eftir atvikum umdæmiskjörstjórn, úrskurðar um gildi vafaatkvæða sem berast úr talningu skv. 102.-105. gr. kosningalaga og hafa umboðsmenn framboða rétt á vera viðstaddir úrskurði yfirkjörstjórnar um vafaatkvæði, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 447/2024 um talningu atkvæða. Meirihluti yfirkjörstjórnar ræður því hvort atkvæði telst gilt eða ógilt. Sé ekki gerður ágreiningur af hálfu umboðsmanna um úrskurð yfirkjörstjórnar vegna vafaatkvæða þá er það lokaniðurstaða um gildi atkvæðaseðilsins og atkvæðið talið til samræmis við gildi seðilsins. Verði ágreiningur milli yfirkjörstjórnar og einhvers umboðsmanna um það hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur sker yfirkjörstjórn úr. Við kosningar til Alþingis skulu ágreiningsseðlar í kjölfarið sendir landskjörstjórn sem leggur þá fyrir Alþingi sem úrskurðar um gildi þeirra, sbr. 132. gr. kosningalaga. Við þjóðaratkvæðagreiðslu og forsetakjör skulu ágreiningsseðlar sendir landskjörstjórn sem úrskurðar um gildi þeirra, sbr. 120. gr. kosningalaga. Ágreiningsseðlum skal haldið aðgreindum frá gildum og ógildum kjörseðlum.

## 1.3. Meðhöndlun ágreiningsseðla eftir talningu

Ágreiningsseðlar í alþingiskosningum, forsetakjöri og þjóðaratkvæðagreiðslu skulu lagðir í sérstök umslög sem landskjörstjórn leggur til. Umslögín skulu merkt eftir því hvort í þeim eru atkvæðaseðlar sem yfirkjörstjórn kjördæmis hefur úrskurðað gilda eða ógilda og tilgreina skal fjölda seðla í hverju umslagi. Með ágreiningsseðlunum skal fylgja skýring á úrskurði yfirkjörstjórnar skv. 102.-105. gr. kosningalaga og upplýsingar um fyrirliggjandi ágreining, sbr. 6. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 447/2024 um talningu atkvæða. Að talningu lokinni skal umslögum með ágreiningsseðlum lokað með innsigli yfirkjörstjórnar og eiga umboðsmenn einnig rétt á að setja á þau innsigli sín. Ágreiningsseðlum skal haldið aðgreindum frá gildum og ógildum kjörseðlum.

Í gerðabók skal skrá hve margir kjörseðlar, sem teknir eru til úrskurðar, eru gildir og hvaða framboðslista, frambjóðanda eða svarkosti atkvæðið teljist greitt. Einnig skal bóka í gerðabók hve margir kjörseðlar teljist ógildir og af hvaða ástæðu, sbr. 5. mgr. 105. gr. kosningalaga.

## 1.4. Ágreiningsseðlar og mat á gildi þeirra

Sé ágreiningur gerður af hálfu umboðsmanna framboða um úrskurð yfirkjörstjórnar um gildi vafaatkvæðis verður um að ræða ágreiningsatkvæði, sbr. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 447/2024 um talningu atkvæða. Það ræðst af því hvaða kosningar um er að ræða hvort niðurstaða yfirkjörstjórnar er endanleg um gildi ágreiningsseðla eða ekki.

### Við sveitarstjórnarkosningar

Úrskurður yfirkjörstjórnar sveitarfélagsins er endanlegur um gildi ágreiningsseðla, sbr. 3. mgr. 99. gr. kosningalaga.

### Við kosningar til Alþingis

Yfirkjörstjórnir kjördæma skulu senda ágreiningsseðla ásamt skýringum á úrskurði yfirkjörstjórnar og upplýsingar um fyrirbyggjandi ágreining til landskjörstjórnar. Landskjörstjórn sendir ágreiningsseðlana ásamt rökstuddri umsögn sinni til undirbúningsnefndar um rannsókn kosninga, sbr. 2. mgr. 132. gr. kosningalaga. Undirbúningsnefndin útbýr greinargerð samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis. Að því loknu setur kjörbréfanefnd fram álit og tillögur um afgreiðslu málsins sem lagðar eru fyrir Alþingi sem úrskurðar (í formi atkvæðagreiðslu) um tillögur kjörbréfanefndar sbr., 3. mgr. 99. gr. og 132. gr. kosningalaga.

### Við forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur

Yfirkjörstjórnir kjördæma skulu senda ágreiningsseðla ásamt rökstuðningi sínum til landskjörstjórnar sem úrskurðar um gildi þeirra, sbr. 3. mgr. 99. gr. og 120. gr. kosningalaga.

## 2. Kjölfundaratkvæði

### 2.1. Almennt

Í kosningalögum er mælt fyrir um hvernig kjósandi eigi að greiða atkvæði á kjölfundi þannig að atkvæðið teljist gilt, sbr. 1. mgr. 85. gr. kosningalaga, en ákvæðið er svohljóðandi:

*Kjósandi greiðir atkvæði á þann hátt að hann markar með skriffæri sem kjörstjórn leggur til X í fering fyrir framan bókstaf þess lista á kjörseðlinum sem hann vill kjósa.*

Þrátt fyrir þessi skýru fyrirmæli gefa lögin ákveðið svigrúm til merkinga á kjörseðli en í 1. mgr. 105. gr. kosningalaga kemur fram að þrátt fyrir að gallar séu á atkvæði skuli ekki í öllum tilvikum meta atkvæðið ógilt. Þar segir, nánar tiltekið:

*Atkvæði skal ekki meta ógilt, þó að gallað sé, ef greinilegt er hvernig það á að falla nema augljóslega komi í bága við einn eða fleiri stafliði 102.–104. gr. Þannig skal taka gilt atkvæði þó að ekki sé merkt í fering við listabókstafinn en t.d. utan hans, þó að X sé ólögulegt, þó að hak sé sett í fering í stað X o.s.frv.*

Þá segir í 2. mgr. 105. gr.:

*Lista telst greitt atkvæði þó að láðst hafi að merkja við listabókstaf ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett eða X eða hak er sett við nafn enda séu ekki aðrir gallar á.*

Nánari leiðbeiningar er að finna í greinargerð með frumvarpi til kosningalaga en þar segir m.a. um 1. mgr. 105. gr. að taka skuli atkvæði gilt þó að ekki sé merkt í fering við listabókstafinn en t.d. utan hans, þótt X sé ólögulegt, þótt hak sé sett í fering í stað X o.s.frv. Þá er ljóst samkvæmt orðalagi ákvæðisins að upptalning þess er ekki tæmandi, sbr. orðin o.s.frv. í niðurlagi 2. másl. 1. mgr. 105. gr. kosningalaga.

Í frumvarpi til kosningalaga kemur jafnframt fram í skýringum við 102.–105. gr. hvernig meta skuli atkvæðaseðla sem hafa formuð merki eða tákn en þar segir m.a.:

*Ákvæði 102. gr. frumvarpsins og eftir atvikum 104. gr. þess, þegar um er að ræða þjóðaratkvæðagreiðslu, byggjast á því að kjósandi tjái val sitt með því að setja „X“ í feringinn í samræmi við þann skilning sem lagður hefur verið í „kross“. Slíkt vísar jafnframt til þess að átt sé við formað merki, svo sem (+), (/) eða hakmerki, þar sem merkt hefur verið við tiltekinn valkost líkt og á minnislista, eyðublaði, krossaprófi eða spurningalista. Aftur á móti verður að líta á stjörnu (\*) sem sérstakt merki sem væri til þess fallið að auðkenna atkvæðaseðil. Almennt verður því að miða við að merki sem sett hefur verið í feringinn sem ekki líkist X eða slíku formuðu merki gefi atkvæðaseðli slíkt auðkenni að meta beri atkvæði ógilt. Við*

*Þetta má loks bæta að eitt greinilegt merki innan þess ramma sem framboðslista hefur verið afmarkaður á kjörseðli hefur verið metið sem atkvæði greitt þeim lista. Enn fremur hefur hringur utan um fering framboðslista verið metinn sem atkvæði greitt listanum.*

Í ákvæðum 102.-105. gr. kosningalaga er fjallað um mat á gildi atkvæðis sem greitt er í kosningum.

#### Ógilt atkvæði

- Þegar kjörseðill er auður.
- Þegar kjósandi hefur ekki markað X í fering.
- Þegar ekki má með öruggum hætti sjá hvaða framboðslista, frambjóðanda eða svarkosti kjósandi hefur viljað greiða atkvæði sitt.
- Þegar ætla má að merki eða áletrun á kjörseðli sé sett af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan.
- Þegar kjörseðill er ekki sá sem landskjörstjórn eða yfirkjörstjórn sveitarfélags hefur látið gera skv. XI. kafla kosningalaga.

#### Gilt atkvæði

- Greinilegt er hvernig það á að falla nema augljóslega komi í bága við einn eða fleiri stafliði 102.-104. gr. kosningalaga, svo sem þó ekki sé merkt í fering en t.d. utan hans, þó að X sé ólöglegt, þó að hak sé sett í fering í stað X o.s.frv.
- Láðst hefur að merkja við listabókstaf ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett eða X eða hak er sett við nafn enda séu ekki aðrir gallar á.
- Á utankjörfundaratkvæði er ritað nafn frambjóðanda sem er látinn eða eftir atvikum strikað yfir það.
- Við óbundnar kosningar til sveitarstjórnar þótt sleppt sé fornafni, eftirnafni eða heimilisfangi ef greinilegt er við hvern er átt.

Þá hafa ítrekað komið fram leiðbeiningar í álitum kjörbréfanefndar um að í vafatilfellum skuli lögð áhersla á vilja kjósandans.<sup>1</sup> Á þeim grundvelli hefur almennt verið litið svo á að atkvæði skuli metið gilt ef vilji kjósanda er skýr, kjörseðillinn ekki talinn auðkennilegur og aðrar ógildingarástæður ekki fyrir hendi. Hins vegar hefur

<sup>1</sup> Hér vísast m.a. í álit og tillögur kjörbréfanefndar 2021 þar sem segir: „Við mat á gildi atkvæða í alþingiskosningum fer skv. 100. og 101. gr. laga um kosningar til Alþingis. Í fyrri álitum kjörbréfanefndar hefur í vafatilfellum verið lögð áhersla á vilja kjósandans, sbr. reglu 1. mgr. 101. gr. laga um kosningar til Alþingis, enda sé kjörseðillinn augljóslega ekki ógildur þegar litið er til einnar eða fleiri ógildingarástæðna í 100. gr. laganna.“ Sambærilegar umfjallanir er að finna í álit og tillögum kjörbréfanefndar 2017, álit og tillögum kjörbréfanefndar 2016 og álit og tillögum kjörbréfanefndar 2013.

verið litið svo á að hvers konar teikningar á kjörseðli eða auðkenni leiði til þess að hann verði metinn ógildur og skiptir þá ekki máli þótt vilji kjóсандans sé skýr.


Í framkvæmd hafa mótast fordæmi við mat á vafaatkvæðum sem byggjast á úrskurðum yfirkjörstjórna, landskjörstjórnar og niðurstöðum Alþingis. Litið er til þessara fordæma og þau talin leiðbeinandi við úrskurði. Oft koma upp sambærileg tilvik og hafa sum fordæmin fest sig svo í sessi að talið hefur verið að breyting á þeirri framkvæmd krefjist lagabreytingar.<sup>2</sup>

## 2.2. Merkingar og tákn

Í þessum kafla er samantekt á nokkrum merkingum og táknum sem er ætlað að gefa yfirlit yfir hvernig þau hafa almennt verið metin í framkvæmd með hliðsjón af lögum og lögskýringagögnum.

### 2.2.1. Merkingar og tákn sem ekki ógilda atkvæði

Samkvæmt lögum og lögskýringagögnum eru atkvæðaseðlar með eftirfarandi merkingum almennt taldir gildir svo framarlega sem táknið er innan fernings eða innan ramma þess framboðslista sem afmarkaður er á kjörseðli.

X / skákross		Hringur utan um fering	
Skástrík / strik		Ólögulegt X	
Plúsmerki		Ólögulegt X	
Hak		Merking utan fernings	
Hringur		Punktur	

<sup>2</sup> Vísast hér til greinargerðar undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga á 156. löggjafarþingi 2025 kafla III.1 þar sem fjallað er um fjóra tiltekna ágreiningsseðla í Norðvesturkjördæmi í alþingiskosningum 2024 þar sem feringur fyrir framan listabókstaf hefur verið skyggður og voru seðlarnir úrskurðaðir ógildir til samræmis við fordæmi og álit kjörbréfanefndar Alþingis en umboðsmenn framboða gerðu ágreining og töldu það þýða að atkvæði væri greitt framboðinu. Undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kosninga fjallar um þennan ágreining þannig: „Í ljósi þess að framangreint álitaefni hefur komið upp í undanförunum kosningum og viðvarandi ágreiningur virðist vera til staðar um það hvort kjósendi hafi komið atkvæði sínu til skila með því að skyggja feringinn, telur nefndin rétt að skoðað verði hvort endurskoða eigi framkvæmd að þessu leyti. Slíkt verður þó ekki gert að óbreyttum lögum.“

## 2.2.2. Merkingar og tákn sem ógilda atkvæði

Þá hafa eftirfarandi merkingar og tákn verið talin ógilda atkvæðaseðil og gildir þá einu hvar á seðlinum táknið eða merkingin er og hvort merkt sé skýrlega X í fering eða ekki. Þá skiptir það ekki máli hvort áletrunin er innan eða utan fernings eða á atkvæðaseðlinum sjálfum eða bakhlið hans, atkvæðaseðilinn er talinn ógildur.

Stjarna		Broskall/fýlukall	
Hjarta		Upphrópunarmerki	
Blóm		Pílur	
Skyggður feringur <sup>3</sup>		Stafir og orð <sup>4</sup>	

## 2.3. Áletranir og merkingar á bakhlið

Hvers konar merkingar og áletranir sem ritaðar eru á bakhlið kjörseðils valda ógildi hans. Helgast það af því að þá getur merking eða áletrun verið sýnileg í kjörfundarstofu og seðill þ.a.l. ónýtur skv. 90. gr. kosningalaga og á ekki að leggjast í atkvæðakassa. Rati kjörseðill eftir sem áður í atkvæðakassa þá skal úrskurða hann ógildan.

## 2.4. Auðkenning

Atkvæði skal meta ógilt ef ætla má að merki eða áletranir á kjörseðli séu sett af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan, sbr. d-lið 1. mgr. 102. gr. kosningalaga. Í álit kjörbréfanefndar frá 2013 segir að litið hafi verið svo á að hvers konar teikningar á kjörseðli eða auðkenni leiði til þess að hann verði metinn ógildur. Skiptir þá ekki máli hvort vilji kjósandans sé skýr.<sup>5</sup> Þá kemur fram í athugasemdum við ákvæði 102.-105. gr. í frumvarpi sem varð að kosningalögum að almennt verði að miða við að merki sem sett eru í feringinn sem ekki líkist X eða slíku formuðu merki gefi atkvæðaseðli slíkt auðkenni að meta beri atkvæði ógilt.

<sup>3</sup> Skyggður feringur er almennt metinn auður og ógildur, sjá nánar kafla 2.4.

<sup>4</sup> Stafir og orð að undanskildum stöfunum V, sem er metið sem hak sbr. 1. mgr. 85. gr. kosningalaga.

<sup>5</sup> Álit kjörbréfanefndar 2013.I.

### 2.4.1. Tákn og áletranir

Hér á eftir eru skýringardæmi sem sýna atkvæðaseðla þar sem metið hefur verið hvort tákn og áletranir valdi ógildi atkvæða.

#### Skýringardæmi 1 – Ógilt:

Ólögulegt D ritað á kjörseðil.

<b>Kosningar</b>		
<input type="checkbox"/> <b>A</b> Listi A flokks	<input type="checkbox"/> <b>B</b> Listi B flokks	<input type="checkbox"/> <b>D</b> Listi D flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífuradóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freygoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfsdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bollí Þorleiksson

**Skýring:** Í alþingiskosningum 2016 úrskurðaði yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis atkvæðaseðil ógildan þar sem ritað var ólögulegt D fyrir neðan orðin Listi Sjálfstæðisflokks. Atkvæðið var jafnframt metið ógilt af kjörbréfanefnd með vísan til d-liðar 100. gr. eldri kosningalaga.<sup>6</sup>

<sup>6</sup> Álit kjörbréfanefndar 2016, kafli I.1.

## Skýringardæmi 2 – Ógilt:

*Hjarta merkt í fering í stað X.*

**Skýring:** Atkvæðaseðill í forsetakjöri 2024 var þannig að í fering fyrir framan nafn frambjóðanda var teiknað hjarta. Yfirkjörstjórn í Reykjavíkurborgardæmi suður úrskurðaði atkvæðið ógilt þar sem atkvæðið var merkt með merkingu eða orðum og því auðkennt. Landskjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt með vísan til þess að það væri auðkennt og slíkt væri í andstöðu við kosningalög, sbr. d-lið 102. gr. kosningalaga.<sup>7</sup>

## Skýringardæmi 3 – Ógilt:

*Hjarta á atkvæðaseðli.*

**Skýring:** Atkvæðaseðill í forsetakjöri 2024 var þannig að merkt var með haki í fering fyrir framan nafn frambjóðanda og teiknað hjarta fyrir aftan nafn hans. Yfirkjörstjórn í Reykjavíkurborgardæmi suður úrskurðaði atkvæðið ógilt þar sem atkvæðið var merkt með merkingu eða orðum og því auðkennt. Landskjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt með vísan til þess að það væri auðkennt og slíkt væri í andstöðu við kosningalög, sbr. d-lið 102. gr. kosningalaga.<sup>8</sup>

### FORSETAKJÖR

30. febrúar 2026

- |                                     |                             |
|-------------------------------------|-----------------------------|
| <input type="checkbox"/>            | Ásdís Þorbjarnardóttir      |
| <input checked="" type="checkbox"/> | Bárður Snæfellsás           |
| <input type="checkbox"/>            | Bergþóra Skarphéðinsdóttir  |
| <input type="checkbox"/>            | Gísli Súrsson               |
| <input type="checkbox"/>            | Gunnar Hámundarson          |
| <input type="checkbox"/>            | Hildigunnur Starkaðardóttir |

### FORSETAKJÖR

30. febrúar 2026

- |                                     |                             |
|-------------------------------------|-----------------------------|
| <input type="checkbox"/>            | Ásdís Þorbjarnardóttir      |
| <input type="checkbox"/>            | Bárður Snæfellsás           |
| <input checked="" type="checkbox"/> | Bergþóra Skarphéðinsdóttir♥ |
| <input type="checkbox"/>            | Gísli Súrsson               |
| <input type="checkbox"/>            | Gunnar Hámundarson          |
| <input type="checkbox"/>            | Hildigunnur Starkaðardóttir |

<sup>7</sup> Úrskurður landskjörstjórnar nr. 16/2024.

<sup>8</sup> Úrskurður landskjörstjórnar nr. 16/2024.

### Skýringardæmi 4 – Ógilt:

Orð skrifað á kjörseðil.

**Skýring:** Yfirkjörstjórn í Reykjavíkarkjördæmi suður í forsetakjöri 2024 úrskurðaði atkvæðið ógilt þar sem atkvæðið væri merkt með merkingu eða orðum og því auðkennt. Landskjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt með vísan til þess að það væri auðkennt, og slíkt væri í andstöðu við kosningalög, sbr. d-lið 102. gr. kosningalaga.<sup>9</sup>

FORSETAKJÖR	
30. febrúar 2026	
<input checked="" type="checkbox"/>	Ásdís Þorbjarnardóttir <i>Yes</i>
<input type="checkbox"/>	Bárður Snæfellsás
<input type="checkbox"/>	Bergþóra Skarphéðinsdóttir
<input type="checkbox"/>	Gísli Súrsson
<input type="checkbox"/>	Gunnar Hámundarson
<input type="checkbox"/>	Hildigunnur Starkaðardóttir

### Skýringardæmi 5 – Ógilt:

Merkt X í fering en skrifaður texti við annan frambjóðanda.

**Skýring:** Yfirkjörstjórn í Reykjavíkarkjördæmi suður úrskurðaði atkvæðaseðilinn ógildan þar sem atkvæðið var merkt með merkingu eða orðum og því auðkennt. Landskjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt með vísan til þess að það væri auðkennt og slíkt væri í andstöðu við kosningalög, sbr. d-lið 102. gr. kosningalaga.<sup>10</sup>

FORSETAKJÖR	
30. febrúar 2026	
<input type="checkbox"/>	Ásdís Þorbjarnardóttir
<input type="checkbox"/>	Bárður Snæfellsás <i>Vonandi ekki</i>
<input type="checkbox"/>	Bergþóra Skarphéðinsdóttir
<input checked="" type="checkbox"/>	Gísli Súrsson
<input type="checkbox"/>	Gunnar Hámundarson
<input type="checkbox"/>	Hildigunnur Starkaðardóttir

<sup>9</sup> Úrskurður landskjörstjórnar nr. 16/2024.

<sup>10</sup> Úrskurður landskjörstjórnar nr. 16/2024.

**Skýringardæmi 6 – Ógilt:**  
*Broskall á atkvæðaseðli.*

<b>Kosningar</b>		
<input type="checkbox"/> <b>A</b> Listi A flokks	<input checked="" type="checkbox"/> <b>B</b> 😊 Listi B flokks	<input type="checkbox"/> <b>C</b> Listi C flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldadóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freysgoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfadóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bolli Þorleiksson

**Skýring:** Atkvæðaseðill í alþingiskosningum 2024 var þannig að merkt var með formuðu V í fering við B-lista en síðan teiknaður broskall fyrir aftan listabókstafinn. Atkvæðið var úrskurðað ógilt af yfirkjörstjórn í Suðvesturkjördæmi. Kjörbréfanefnd taldi að meta ætti atkvæðaseðilinn ógildan með vísan til d-liðar 102. gr. kosningalaga þar sem meta ætti atkvæði ógilt ef ætla mætti að merki eða áletrun á kjörseðli væri sett af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan. Var mat nefndarinnar stutt af álitum kjörbréfanefndar frá 2013 og skýringum við 102.-105. gr. í frumvarpi sem varð að kosningalögum.<sup>11</sup>

**Hugleiðing:** Hér má gera ráð fyrir að broskallinn valdi ógildi atkvæðisins sem auðkennileg merking en ekki hakið í fering þar sem hak er almennt ekki metið sem auðkennileg merking.

<sup>11</sup> Álit kjörbréfanefndar 2025. Þar kemur fram að fallast beri á tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga um afgreiðslu ágreiningsseðla. Sjá tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga á 156. lögjafarþingi, kafla III.2.

## Skýringardæmi 7 – Ógilt:

Merkt X í ferning og merkt við nafn frambjóðanda á sama lista með skákrossi og pílu.

<b>Kosningar</b>		
<input type="checkbox"/> <b>A</b> Listi A flokks	<input type="checkbox"/> <b>B</b> Listi B flokks	<input checked="" type="checkbox"/> <b>D</b> Listi D flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífuradóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpúðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldadóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freygoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfadóttir ✕→ Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bollí Þorleiksson

**Skýring:** Atkvæðaseðill var þannig útfylltur að X var merkt í ferninginn fyrir framan listabókstafinn D en jafnframt var settur skákross<sup>12</sup> og píla við nafn eins frambjóðanda á listanum. Það var mat kjörbréfanefndar að merkingarnar á atkvæðaseðlinum fælu í sér auðkenningu. Með tilvísun til c-liðar 100. gr. eldri kosningalaga var atkvæðaseðillinn metinn ógildur.<sup>13</sup>

<sup>12</sup> Fjallað er um skákross í frumvarpi til kosningalaga, þskj. 401-339. mál. 151. löggjafarþing 2020-2021. „Í lögum er ekki sérstaklega skilgreint hvað átt er við með „krossi“. Samkvæmt Íslenskri orðabók getur kross haft mismunandi form. Til að mynda hefur Andrésarkross formið „X“ sem í daglegu tali er oft vísað til sem bókstafsins „ex“ eða „skákross“. Þá hefur grískur kross formið „+“. Ráða má að með þeim breytingum sem gerðar voru 2003 sé vísað til „X“ í merkingunni „kross.“

<sup>13</sup> Álit kjörbréfanefndar 2021, sbr. greinargerð undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa sem vísað er til í álitinu, kafli I.4.

## Skýringardæmi 8 – Ógilt:

Bókstafur ritaður á bakhlið kjörseðils og ekki merkt við framboðslista.

<b>Kosningar</b>		
<input type="checkbox"/> <b>A</b> Listi A flokks	<input type="checkbox"/> <b>B</b> Listi B flokks	<input type="checkbox"/> <b>F</b> Listi F flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freysgoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfsdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir



**Skýring:** Í alþingiskosningum 2024 úrskurðaði yfirkjörstjórn í Suðvesturkjördæmi atkvæðaseðil ógildan þar sem ritað var F á bakhlið seðilsins án þess að merkt væri X í fering neins framboðslista. Kjörbréfanefnd mat seðilinn ógildan með vísan til d-liðar 102. gr. kosningalaga þar sem segir að atkvæði skuli meta ógilt ef ætla megi að merki eða áletrun á kjörseðli sé sett af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan. Í niðurstöðu kjörbréfanefndar er vísað til úrskurðar kjörbréfanefndar Alþingis 2013<sup>14</sup> þar sem tveir atkvæðaseðlar voru metnir ógildir, með vísan til 84. og 85. gr., sbr. d-lið 100. gr., eldri kosningalaga, en ritað var á bakhlið seðlanna með blýanti, annars vegar X B og hins vegar A.<sup>15</sup>

<sup>14</sup> Álit kjörbréfanefndar 2013, kafli I.3.b.

<sup>15</sup> Álit kjörbréfanefndar 2025. Þar kemur fram að fallast beri á tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga um afgreiðslu ágreiningsseðla. Sjá tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga á 156. lögjafarþingi, kafli III.2.

## 2.4.2. Merkingar

Lítill strik, daufir punktar og ólögulegt krass hefur almennt ekki valdið ógildi atkvæðaseðla þar sem það er ekki talið auðkennt í skilningi d-liðar 1. mgr. 102. gr. kosningalaga sbr. 1. mgr. 105. gr. kosningalaga.

### Skýringardæmi 9 – Gilt:

Merkt dauft X í fering.

Kosningar		
<input type="checkbox"/> A Listi A flokks	<input type="checkbox"/> B Listi B flokks	<input checked="" type="checkbox"/> S Listi S flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpúðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freysgoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfssdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bolli Þorleiksson

**Skýring:** Á atkvæðaseðli var merkt með dauðu X í fering við S-lista. Yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis í kosningum til Alþingis 2024 úrskurðaði seðilinn auðan og ógildan þar sem búið væri að stroka út X, sbr. a-lið 102. gr. kosningalaga. Kjörbréfanefnd var ósammála því mati og taldi að engin ummerki væru um að búið væri að stroka út X og frekar væri um að ræða að kjósandi hefði ritað X-ið laust og merking dauf. Atkvæðið var því metið gilt og greitt S-lista.<sup>16</sup>

**Hugleiðing:** Í tilfellum sem þessum hefur kjörbréfanefnd í vafatilfellum lagt áherslu á vilja kjóсандans, sbr. 1. mgr. 105. gr. kosningalaga, enda sé kjörseðillinn augljóslega ekki ógildur þegar litið er til einnar eða fleiri ógildingarástæðna 102.–104. gr. kosningalaga. Við mat á atkvæðum þar sem merkingar eru daufar ber að skoða seðlana vandlega til að meta hvort ummerki um útstrokun séu til staðar.

<sup>16</sup> Álit kjörbréfanefndar 2025. Þar kemur fram að fallast beri á tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga um afgreiðslu ágreiningsseðla. Sjá tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga á 156. löggjafarþingi, kafla III.2.

## Skýringardæmi 10 – Ógilt:

Merkt X efst á seðli utan svæðis sem er helgað framboðslistum.

<b>Kosningar</b>		
<input type="checkbox"/> <b>A</b> Listi A flokks	<input type="checkbox"/> <b>B</b> Listi B flokks	<input type="checkbox"/> <b>C</b> Listi C flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freysgoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfsdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bollí Þorleiksson

**Skýring:** Í alþingiskosningum 2024 úrskurðaði yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar kjörseðil en hvorki innan fernings né í dálk sem tilheyrði framboðslista. Alþingi var sammála því mati og taldi atkvæðaseðilinn ógildan með vísan til c-liðar 102. gr. kosningalaga þar sem kveðið er á um að atkvæði sé ógilt ef ekki megi með öruggum hætti sjá hvaða framboðslista kjósandi hefur viljað greiða atkvæði sitt.<sup>17</sup>

<sup>17</sup> Álit kjörbréfanefndar 2025. Þar kemur fram að fallast beri á tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga um afgreiðslu ágreiningsseðla. Sjá tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga á 156. lögjafarþingi, kafla III.3.

## Skýringardæmi 11 – Gilt:

Merkt X í ferning og ólögulegur punktur (krot) við nöfn frambjóðenda annars lista en greitt er atkvæði.

<b>Kosningar</b>		
<input type="checkbox"/> <b>M</b> Listi M flokks	<input type="checkbox"/> <b>P</b> Listi P flokks	<input checked="" type="checkbox"/> <b>S</b> Listi S flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir ● Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freygoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfssdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bollí Þorleiksson

**Skýring:** Í alþingiskosningum 2024 úrskurðaði yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar norður atkvæðaseðil gildan þar sem X var merkt í ferning S-lista en einnig var að finna á atkvæðaseðli krot eða ólögulegan punkt á milli tveggja frambjóðenda á M-lista. Yfirkjörstjórn taldi vilja kjósa skýran og punkt á atkvæðaseðli jafngilti ekki auðkenningu. Kjörbréfanefnd taldi að í þessu tilfelli fæli punktur ekki í sér merkingu eða áletrun á kjörseðli sem ætla mætti að sett væri af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan, sbr. d-lið 102. gr. kosningalaga og mat atkvæðið gilt, m.a. með vísan til fyrri álita kjörbréfanefndar 2013, 2016, 2017 og 2021.<sup>18</sup>

<sup>18</sup> Álit kjörbréfanefndar 2025. Þar kemur fram að fallast beri á tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga um afgreiðslu ágreiningsseðla. Sjá tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga á 156. löggjafarþingi, kafla 3.III.

## Skýringardæmi 12 – Gilt:

Merkt X í fering við listabókstaf einnig 3 mm langt lóðrétt strík í miðjum feringi fyrir framan annan listabókstaf.

<b>Kosningar</b>		
<input type="checkbox"/> <b>A</b> Listi A flokks	<input checked="" type="checkbox"/> <b>B</b> Listi B flokks	<input type="checkbox"/> <b>C</b> Listi C flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egill Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldadóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freygoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfadóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bolli Þorleiksson

**Skýring:** Í alþingiskosningum 2021 úrskurðaði yfirkjörstjórn í Reykjavíkurborg suður atkvæðaseðil ógildan þar sem kjósendinn hafði merkt X í fering fyrir framan listabókstafinn B en jafnframt var merkt 3 mm langt lóðrétt strík í miðjan fering fyrir framan listabókstafinn C. Kjörbréfanefnd var ósammála þeirri niðurstöðu og mat seðilinn gildan því kjósendi hefði greinilega ætlað að ljá B-lista atkvæði sitt, sbr. 101. gr. eldri kosningalaga, enda færi slíkt ekki augljóslega í bága við einhvern staflið, sbr. 100. gr. sömu laga, eins og fram kemur í álit kjörbréfanefndar 2016.<sup>19</sup>

<sup>19</sup> Álit og tillögur kjörbréfanefndar 2021, kafli I.3 og álit kjörbréfanefndar 2016, kafli I.3.a.

## Skýringardæmi 13 – Gilt:

Merkt X við listabókstaf og dauf/veik strik.

<b>Kosningar</b>		
<input checked="" type="checkbox"/> <b>A</b> Listi A flokks	<input type="checkbox"/> <b>B</b> Listi B flokks	<input type="checkbox"/> <b>C</b> Listi C flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífuradóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpúðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freysoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfadóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bollí Þorleiksson

**Skýring:** Á atkvæðaseðli sem metinn var ógildur af yfirkjörstjórn Reykjavíkurbjörðdæmis suður í alþingiskosningum 2013 var strikað með veikri línu undir nafn frambjóðanda á öðrum framboðslista en þeim sem var greitt atkvæði. Línan var óregluleg og bar með sér að reynt hefði verið að má hana út, auk þess sem hún náði út fyrir lista þess frambjóðanda sem strikað var undir. Þegar litið var til þessa og þess að á seðlinum var að auki að finna tvö önnur veik strik var greinilegt að kjósandi hafði augljóslega sýnt vilja sinn með því að merkja X við umræddan listabókstaf að mati kjörbréfanefndar.<sup>20</sup> Atkvæðið var metið gilt með vísan til 1. mgr. 101. gr. laga eldri kosningalaga enda fór það ekki augljóslega í bága við einn eða fleiri stafliði 100. gr. laganna.

<sup>20</sup> Álit kjörbréfanefndar 2013, kafli I.3.d.

## Skýringardæmi 14 – Gilt:

Merkt X í ferning og dauft strik og daufur punktur í öðrum ferningi.

<b>Kosningar</b>		
<input type="checkbox"/> <b>B</b> Listi B flokks	<input type="checkbox"/> <b>C</b> Listi C flokks	<input checked="" type="checkbox"/> <b>D</b> Listi D flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpúðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freysgoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfisdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bolli Þorleiksson

**Skýring:** Atkvæðaseðill var útfylltur þannig að merkt var X í ferning fyrir framan listabókstafinn D en jafnframt mátti greina dauft strik og daufan punkt í ferningi við listabókstafinn C. Yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar suður mat atkvæðið gilt. Kjörbréfanefnd var sammála því mati og taldi að kjósendi hefði greinilega ætlað að kjósa D-lista og lagði til að atkvæðið yrði metið gilt.<sup>21</sup>

<sup>21</sup> Álit kjörbréfanefndar 2016, kafli 1.3.

## Skýringardæmi 15 – Gilt:

Óljóst tákni eða strik sem náði í listabókstafinn V á milli hans og ferningsins.

<b>Kosningar</b>		
<input type="checkbox"/> <b>B</b> Listi B flokks	<input type="checkbox"/> <b>C</b> Listi C flokks	<input type="checkbox"/> <b>V</b> Listi V flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freysgoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfsdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bollí Þorleiksson

**Skýring:** Yfirkjörstjórn í Norðausturkjördæmi í alþingiskosningum 2017 úrskurðaði atkvæði ógilt þar sem á atkvæðaseðli hafði verið sett óljóst tákni eða strik sem náði að listabókstafnum V og var á milli hans og ferningsins. Það var álit kjörbréfanefndar Alþingis, eftir að hafa gaumgæft seðilinn, að atkvæðið væri gilt sbr. 1. mgr. 101. gr. eldri kosningalaga þar sem greinilegt var að kjósandi hefði valið þann lista sem merkt var við. Meta bæri atkvæðið greitt V-lista enda færi það ekki augljóslega í bága við einn eða fleiri stafliði 100. gr. eldri kosningalaga.<sup>22</sup>

<sup>22</sup> Álit kjörbréfanefndar 2017, kafli I.2.

## Skýringardæmi 16 – Gilt:

*Dauft skástrík í fering fyrir framan listabókstafinn M, auk þess dregið stutt grannt strik á ská yfir bókstafinn.*

<b>Kosningar</b>		
<input type="checkbox"/> <b>D</b> Listi D flokks	<input type="checkbox"/> <b>J</b> Listi J flokks	<input checked="" type="checkbox"/> <b>M</b> Listi M flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freygoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfisdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bolli Þorleiksson


**Skýring:** Yfirkjörstjórn í Norðausturkjördæmi í alþingiskosningum 2017 úrskurðaði atkvæði ógilt en á seðlinum mátti merkja dauft skástrík í feringinn fyrir framan listabókstafinn M, auk þess sem dregið hafði verið stutt grannt strik á ská yfir bókstafinn. Álit kjörbréfanefndar var að meta atkvæðið gilt þar sem greinilegt var að kjósandi hefði valið þann lista sem merkt var við. Meta bæri atkvæðið greitt M-lista enda færi atkvæðið ekki augljóslega í bága við einn eða fleiri stafliði 100. gr. eldri kosningalaga.<sup>23</sup>

<sup>23</sup> Álit kjörbréfanefndar 2017, kafli 1.2.

## Skýringardæmi 17 – Gilt:

Hak eða ólögulegt V í fering fyrir framan listabókstaf og krot á bakhlið.

<b>Kosningar</b>		
<input type="checkbox"/> <b>A</b> Listi A flokks	<input type="checkbox"/> <b>B</b> Listi B flokks	<input checked="" type="checkbox"/> <b>V</b> Listi V flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freysgoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfsdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bollí Þorleiksson



**Skýring:** Yfirkjörstjórn í Reykjavíkurborgardæmi norður í alþingiskosningum 2017 mat atkvæðaseðil ógildan þar sem kjósandi merkti hak eða ólögulegt V í feringinn fyrir framan listabókstafinn V. Jafnframt var á bakhlið seðilsins krot sem yfirkjörstjórn mat sem auðkenni og úrskurðaði seðilinn því ógildan, sbr. d-lið 100. gr. eldri kosningalaga. Kjörbréfanefnd mat seðilinn gildan þar sem merkið hafi ekki slíkt form að í því fælist auðkenning í merkingu d-liðar 100. gr. eldri kosningalaga og að atkvæðið væri merkt V-lista.<sup>24</sup>

<sup>24</sup> Álit kjörbréfanefndar 2017, kafli I.4.c.

### 2.4.3. Rifinn kjörseðill

Kjörseðlar sem hafa verið rifnir hafa almennt verið metnir ógildir á þeim grundvelli að þeir hafi verið auðkenndir.

#### Skýringardæmi 18 – Ógilt:

Rifið horn á kjörseðli.

<b>Kosningar</b>		
<input type="checkbox"/> <b>A</b> Listi A flokks	<input type="checkbox"/> <b>B</b> Listi B flokks	<input type="checkbox"/> <b>C</b> Listi C flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freygoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfisdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bolli Þorleiksson

**Skýring:** Í alþingiskosningum 2013 úrskurðaði yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgardæmis norður um gildi atkvæðaseðils sem var með rifið horn. Atkvæðið var metið ógilt af kjörbréfanefnd Alþingis með vísan til d-liðar 100. gr. eldri kosningalaga. Í álitum kjörbréfanefndar sagði að greinilegt væri að átt hefði verið við seðilinn með þeim hætti að hann væri auðkenndur.<sup>25</sup>

**Hugleiðing:** Ekki kemur fram hvort merkt hafi verið í fering við listabókstaf á atkvæðaseðlinum. Má ætla að einungis hafi verið litið til þess að seðilinn væri auðkenndur með rifnu horni.

<sup>25</sup> Álit kjörbréfanefndar 2013, kafli 1.2.b.

## 2.5. Skyggt í fering

Í þessum kafla er fjallað um tilvik þar sem kjósandi skyggir fering á kjörseðli. Sýnd eru dæmi annars vegar um kjörseðil þar sem skyggt er í fering og engar aðrar merkingar eru á honum og hins vegar um kjörseðil þar sem skyggt er í fering en aðrar merkingar eru jafnframt á kjörseðlinum.

### 2.5.1. Skyggt í fering og engar aðrar merkingar á kjörseðli

Atkvæðaseðill þar sem kjósandi hefur einungis skyggt feringinn á kjörseðlinum og ekki sett neinar aðrar merkingar á hann hafa verið metnir auðir og þar með ógildir af kjörbréfanefnd, sbr. b-lið 102. gr. kosningalaga. Vísast til álita kjörbréfanefndar frá árunum 2013, 2016, 2017 og 2021 og til skýringa við þær frumvarpsgreinar sem urðu að 102.-105. gr. kosningalaga en þar er að finna rökstuðning fyrir túlkun þeirri:

*Ef kjósandi hefur merkt í eða við feringinn á þann hátt að ekki má vera ljóst hvernig hann hefur markað val sitt á seðilinn, svo sem ef feringur er fylltur út eða skyggður, hefur atkvæðaseðilinn verið metinn ógildur, sbr. d-lið 4. hluta I. kafla og II. kafla álits kjörbréfanefndar frá 14. desember 2017. Ástæður að baki því að kjósandi kys að fylla út feringinn geta verið margvíslegar, eins og rakið er í áliti kjörbréfanefndar, t.d. að kjósanda hafi snúist hugur um val sitt og skyggt yfir X. Að baki slíkri niðurstöðu býr jafnframt það sjónarmið að koma í veg fyrir að slíkt atkvæði verði fyrir slysi metið greitt tilgreindum framboðslista. Slíkt atkvæði yrði því metið ógilt með vísan til b-liðar 102. gr. frumvarpsins. Með því að leggja áherslu á að kjósandi hafi tjáð vilja sinn með því að setja X í feringinn eða slíkt formað merki er lögð áhersla á að byggt verði á slíkum sjónarmiðum við gildi atkvæða. Er með þessu komið til móts við þau sjónarmið sem fram koma í framangreindu áliti kjörbréfanefndar.*

Í framkvæmd hafa umboðsmenn ítrekað gert ágreining um gildi þessara atkvæðaseðla. Í greinargerð undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga á 156. löggjafarþingi 2025 III.1, kemur fram að í ljósi þess að það sé viðvarandi ágreiningur til staðar um það hvort kjósandi hafi komið atkvæði sínu til skila með því að skyggja feringinn ætti að skoða hvort endurskoða ætti framkvæmd að þessu leyti en að mati nefndarinnar verði slíkt ekki gert að óbreyttum lögum.<sup>26</sup> Engar lagabreytingar hafa verið gerðar í þessa veru og verður því að telja að þessi framkvæmd sé föst í sessi að svo stöddu.

<sup>26</sup> Greinargerð undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga á 156. löggjafarþingi.

**Skýringardæmi 19 – Ógilt:**  
 Skyggður feringur.

<b>Kosningar</b>		
<input type="checkbox"/> <b>A</b> Listi A flokks	<input checked="" type="checkbox"/> <b>B</b> Listi B flokks	<input type="checkbox"/> <b>C</b> Listi C flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freysgoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfisdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bolli Þorleiksson

**Skýring:** Atkvæði þar sem feringur var skyggður við listabókstaf var úrskurðað ógilt af yfirkjörstjórn í Norðvesturkjördæmi í alþingiskosningum 2024. Kjörbréfanefnd var sammála mati yfirkjörstjórnar og taldi atkvæðið autt og þar með ógilt.<sup>27</sup>

<sup>27</sup> Álit kjörbréfanefndar 2025. Þar kemur fram að fallast beri á tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga um afgreiðslu ágreiningsseðla. Sjá tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga á 156. lögjafarþingi, kafla III.1.

## Skýringardæmi 20 – Ógilt:

Skyggður ferningur, X sýnilegt undir skyggingu.

<b>Kosningar</b>		
<input type="checkbox"/> <b>A</b> Listi A flokks	<input checked="" type="checkbox"/> <b>B</b> Listi B flokks	<input type="checkbox"/> <b>C</b> Listi C flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpúðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freysgoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfsdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bolli Þorleiksson

**Skýring:** Í alþingiskosningum 2024 mat yfirkjörstjórn í Suðvesturkjördæmi atkvæði ógilt þar sem merkt var X í ferning auk þess sem hann var skyggður. Kjörbréfanefnd 2025 komst að sömu niðurstöðu og taldi að meta ætti atkvæðaseðilinn auðan og þar með ógildan með vísan til b-liðar 102. gr. kosningalaga um að atkvæði skuli meta ógilt hafi kjósandi ekki markað X í ferning.<sup>28</sup>

<sup>28</sup> Álit kjörbréfanefndar 2025. Þar kemur fram að fallast beri á tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga um afgreiðslu ágreiningsseðla. Sjá tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga á 156. lögjafarþingi, kafla III.2.

## Skýringardæmi 21 – Ógilt:

Ólögulegt strík horn í horn í ferning út fyrir ramma og párað út fyrir ferninginn.

<b>Kosningar</b>		
 <b>B</b> Listi B flokks	<input type="checkbox"/> <b>C</b> Listi C flokks	<input type="checkbox"/> <b>D</b> Listi D flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpúðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freysgoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfisdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bolli Þorleiksson

**Skýring:** Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis í alþingiskosningum 2024 úrskurðaði atkvæðaseðil ógildan sem var þannig að ólögulegt strík var horn í horn í ferning við B-lista sem náði út fyrir ramma listans sem síðan hafði verið párað yfir, út fyrir ferninginn. Kjörbréfanefnd mat atkvæðaseðilinn ógildan með vísan til b-liðar 102. gr. kosningalaga um að atkvæði skuli meta ógilt hafi kjósandi ekki markað X í ferning.<sup>29</sup>

<sup>29</sup> Álit kjörbréfanefndar 2025. Þar kemur fram að fallast beri á tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga um afgreiðslu ágreiningsseðla. Sjá tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga á 156. lögjafarþingi, kafla III.1.

**Skýringardæmi 22 – Ógilt:**  
Krotað ólögulega í fering.

<b>Kosningar</b>		
<input type="checkbox"/> <b>A</b> Listi A flokks	<input type="checkbox"/> <b>B</b> Listi B flokks	<input checked="" type="checkbox"/> <b>P</b> Listi P flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freysgoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfssdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bolli Þorleiksson

**Skýring:** Í alþingiskosningum 2016 mat yfirkjörstjórn í Reykjavíkurborg norður atkvæði ógilt þar sem krotað var ólögulega í feringinn fyrir framan listabókstafinn P þannig að hluti merkingarinnar náði út fyrir feringinn.<sup>30</sup>

### 2.5.2. Skyggt yfir fering og aðrar merkingar

Eins og fram kemur í kaflanum hér að framan er skyggður feringur almennt metinn sem auður og þar með ógildur atkvæðaseðill. Ef aðrar merkingar, tákn eða auðkenni eru á seðlinum þarf að meta sjálfstætt hvort þær hafi áhrif á gildi atkvæðaseðilsins.

Sé atkvæðaseðill þannig að skyggt hafi verið yfir fering og jafnframt merkt X við annan fering hefur atkvæðið verið metið gilt og greitt þeim flokki sem X-ið er merkt við. Er það til samræmis við 1. mgr. 105. gr. kosningalaga enda fer atkvæðaseðillinn augljóslega ekki í bága við einn eða fleiri staflíði 102. gr. kosningalaga. Ítrekað hefur verið tekin afstaða til atkvæðaseðla þar sem skyggt er yfir fering og merkt X við annan fering, sbr. álit kjörbréfanefndar 2013,<sup>31</sup> álit kjörbréfanefndar Alþingis 2021<sup>32</sup> og álit kjörbréfanefndar Alþingis 2025.<sup>33</sup>

<sup>30</sup> Álit kjörbréfanefndar 2016, kafli I.2.c.

<sup>31</sup> Álit kjörbréfanefndar 2013.

<sup>32</sup> Álit kjörbréfanefndar Alþingis 2021.

<sup>33</sup> Álit kjörbréfanefndar 2025. Þar kemur fram að fallast beri á tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga um afgreiðslu ágreiningsseðla. Sjá tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga á 156. löggjafarþingi, kafli III.1.

## Skýringardæmi 23 – Gilt:

Merkt X í ferning og skygging í annan ferning.


<b>Kosningar</b>		
<input type="checkbox"/> <b>A</b> Listi A flokks	<input checked="" type="checkbox"/> <b>D</b> Listi D flokks	<input checked="" type="checkbox"/> <b>S</b> Listi S flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freysgoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfssdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bollí Þorleiksson

**Skýring:** Atkvæðaseðlinum var lýst þannig að merkt hefði verið X í ferninginn við D-lista og jafnframt X í ferninginn við S-lista en krotað yfir X-ið hjá S-lista þannig að ferningurinn var skyggður. Yfirkjörstjórn í Norðvesturkjördæmi, í alþingiskosningum 2024, taldi vilja kjósa skýran og að kjósaandinn hefði upphaflega merkt við einn lista, síðan hætt við, strikað yfir eða skyggt þá merkingu og að lokum greitt atkvæði D-lista. Kjörbréfanefnd taldi ágreiningsseðilinn einnig gildan með vísan til 1. mgr. 105. gr. kosningalaga enda færi atkvæðaseðilinn ekki augljóslega í bága við einn eða fleiri stafliði 102. gr. kosningalaga.<sup>34</sup>

<sup>34</sup> Álit kjörbréfanefndar 2025. Þar kemur fram að fallast beri á tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga um afgreiðslu ágreiningsseðla. Sjá tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga á 156. lögjafarþingi, kafla III.1.

## Skýringardæmi 24 – Gilt:

Merkt X í ferning og skygging í annan ferning með krassi.




<b>Kosningar</b>		
 <b>L</b> Listi L flokks	 <b>M</b> Listi M flokks	 <b>P</b> Listi P flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freysgoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfsdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bóli Þorleiksson

**Skýring:** Atkvæðaseðlinum var lýst þannig að merkt hefði verið X í ferninginn við M-lista en jafnframt merkt með X í ferning við L-lista en krotað hefði verið yfir markið svo ferningur var að mestu skyggður. Yfirkjörstjórn í Norðvesturkjördæmi, í alþingiskosningum 2024, taldi vilja kjósa skýran og að hann hefði gert X við einn lista, hætt við, strikað yfir eða skyggt og greitt atkvæði M-lista. Kjörbréfanefnd taldi seðilinn gildan eins og yfirkjörstjórn með vísan til 1. mgr. 105. gr. kosningalaga enda færri atkvæðaseðilinn ekki augljóslega í bága við einn eða fleiri stafliði 102. gr. kosningalaga.<sup>35</sup>

<sup>35</sup> Álit Kjörbréfanefndar 2025. Þar kemur fram að fallast beri á tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga um afgreiðslu ágreiningsseðla. Sjá tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga á 156. löggjafarþingi, kafla III.3.

## Skýringardæmi 25 – Gilt:

Merkt X í fering, skygging í annan fering og hringur um þann fering og listabókstaf.

<b>Kosningar</b>		
 <b>A</b> Listi A flokks	 <b>B</b> Listi B flokks	 <b>C</b> Listi C flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freygoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfisdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bolli Þorleiksson

**Skýring:** Á atkvæðaseðli var feringur eins listabókstafs skyggður en einnig merkt X í fering við listabókstaf annars flokks og auk þess dreginn hringur um þann fering og listabókstaf. Metið gilt sbr. álit kjörbréfanefndar 2013 I.2.b.<sup>36</sup>

## 2.6. Merkt við fleiri lista en einn

Fram kemur í 4. mgr. 85. gr. kosningalaga að kjósandi megi ekki hagga neitt við listum sem hann kýs ekki, hvorki strika yfir nöfn á þeim né breyta nafnaröð þeirra. Slíkir seðlar hafa verið metnir ógildir af kjörbréfanefndum. Gildir einu hvort strikað er yfir nöfn frambjóðenda eða nöfn flokka á öðrum listum en þeim sem kjósandi greiðir atkvæði.

Í framkvæmd er mjög algengt að það reyni á framangreint og sem dæmi má nefna að í alþingiskosningum 2024 úrskurðaði yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis 43 slík atkvæði ógild. Voru niðurstöður yfirkjörstjórnar staðfestar í álit kjörbréfanefndar Alþingis 2025.<sup>37</sup>

<sup>36</sup> Álit kjörbréfanefndar Alþingis 2013., kafli I.2.b.

<sup>37</sup> Álit kjörbréfanefndar 2025. Þar kemur fram að fallast beri á tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga um afgreiðslu ágreiningsseðla. Sjá tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga á 156. lögjafarþingi, kafli III.2.

## Skýringardæmi 26 – Ógilt:

Merkt X í fering við eitt framboð en strikað yfir nöfn á lista annars framboðs.

<b>Kosningar</b>		
<input type="checkbox"/> <b>A</b> Listi A flokks	<input type="checkbox"/> <b>B</b> Listi B flokks	<input checked="" type="checkbox"/> <b>C</b> Listi C flokks
<del>Nýli Þorgrímsson</del> Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífuradóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freysgoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfadóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bollí Þorleiksson

**Skýring:** Í alþingiskosningum 2024 úrskurðaði yfirkjörstjórn í Suðvesturkjördæmi atkvæðaseðil ógildan þar sem X var merkt í fering fyrir framan listabókstaf framboðs en strikað yfir frambjóðanda á öðrum lista en merkt hafði verið við. Kjörbréfanefnd staðfesti þá niðurstöðu með vísan til 4. mgr. 85. gr. kosningalaga sem kveður á um að kjósandi megi ekki hagga neitt við listum sem hann kys ekki, hvorki strika yfir nöfn á þeim né breyta á þeim nafnaröð.<sup>38</sup>

<sup>38</sup> Álit kjörbréfanefndar 2025. Þar kemur fram að fallast beri á tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga um afgreiðslu ágreiningsseðla. Sjá tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga á 156. löggjafarþingi, kafli III.2.

## Skýringardæmi 27 – Ógilt:

Merkt í fering og krassað yfir dálk með listabókstaf.

<b>Kosningar</b>		
<input type="checkbox"/> <b>A</b> Listi A flokks	<input type="checkbox"/> <b>B</b> Listi B flokks	<input checked="" type="checkbox"/> <b>C</b> Listi C flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freysgoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfisdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bolli Þorleiksson

**Skýring:** Atkvæðaseðill var úrskurðaður ógildur af yfirkjörstjórn í Suðvesturkjördæmi, í alþingiskosningum 2024, en hak hafði verið merkt í fering fyrir framan listabókstaf framboðs en einnig krotað yfir dálk með listabókstaf og heiti annars framboðs. Kjörbréfanefnd mat seðilinn ógildan með vísan til 4. mgr. 85. gr. kosningalaga þar sem segir að kjósandi megi ekki haggja neitt við listum sem hann kýs ekki, hvorki strika yfir nöfn á þeim né breyta nafnaröð þeirra.<sup>39</sup>

<sup>39</sup> Álit kjörbréfanefndar 2025. Þar kemur fram að fallast beri á tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga um afgreiðslu ágreiningsseðla. Sjá tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga á 156. lögjafarþingi, kafli III.2.

## Skýringardæmi 28 – Gilt:

Merkt X í fering við lista og veik lína undir nafni frambjóðanda á öðrum framboðslista.

<b>Kosningar</b>		
<input checked="" type="checkbox"/> <b>A</b> Listi A flokks	<input type="checkbox"/> <b>B</b> Listi B flokks	<input type="checkbox"/> <b>C</b> Listi C flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freysgoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfsdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bolli Þorleiksson

**Skýring:** Yfirkjörstjórn í Reykjavíkarkjördæmi suður, í alþingiskosningum 2013, úrskurðaði atkvæði ógilt þar sem atkvæðaseðill var með veikri línu undir nafni frambjóðanda á öðrum framboðslista en þeim sem ætlunin var að greiða atkvæði. Línan var óregluleg og bar með sér að reynt hefði verið að má hana út auk þess sem hún náði út fyrir lista þess frambjóðanda sem strikað var undir. Kjörbréfanefnd mat atkvæðið gilt og leit til þess að á seðlinum var að auki að finna tvö önnur veik strik og væri greinilegt að kjósandi hefði augljóslega sýnt vilja sinn með því að merkja X við umræddan listabókstaf. Atkvæðið metið gilt, sbr. 1. mgr. 101. gr. eldri kosningalaga, enda færi það ekki augljóslega í bága við einn eða fleiri stafliði 100. gr. laganna.<sup>40</sup>

<sup>40</sup> Álit kjörbréfanefndar 2013, kafli 2013 I.3.d.

## Skýringardæmi 29 – Ógilt:

Merkt X við tvo lista, reynt að afmá aðra merkinguna en X sýnilegt.

<b>Kosningar</b>		
<input checked="" type="checkbox"/> <b>B</b> Listi B flokks	<input type="checkbox"/> <b>C</b> Listi C flokks	<input checked="" type="checkbox"/> <b>D</b> Listi D flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freysgoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfisdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bolli Þorleiksson

**Skýring:** Meirihluti yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis mat kjörseðilinn gildan og greiddan B-lista þar sem X væri greinilega fært inn í ferning við listabókstafinn B en X-ið við listabókstafinn D væri ógreinilegra og ekki að öllu leyti innan ferningsins. Kjörbréfanefnd mat ákvæðið ógilt, sbr. c-lið 102. gr. kosningalaga, með vísan til þess að ekki væri unnt með öruggum hætti að sjá hvaða framboðslista kjósandi hefði viljað greiða atkvæði sitt.<sup>41</sup> Var niðurstaðan studd fordæmi skv. álit kjörbréfanefndar Alþingis 2017.<sup>42</sup>

<sup>41</sup> Álit kjörbréfanefndar 2025. Þar kemur fram að fallast beri á tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga um afgreiðslu ágreiningsseðla. Sjá tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga á 156. löggjafarþingi, kafli III.2.

<sup>42</sup> Álit kjörbréfanefndar 2017, kafli I.4.b.

## Skýringardæmi 30 – Ógilt:

Merkt X í ferning og strikað yfir frambjóðanda á þeim lista. Merkingin strokuð út og X merkt í annan ferning.

<b>Kosningar</b>		
<input checked="" type="checkbox"/> <b>D</b> Listi D flokks	<input type="checkbox"/> <b>L</b> Listi L flokks	<input checked="" type="checkbox"/> <b>S</b> Listi S flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson <del>Hilgerdís Þorgeirsdóttir</del> Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgeður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freygoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfisdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bollí Þorleiksson

**Skýring:** Í alþingiskosningum 2024 úrskurðaði yfirkjörstjórn í Suðvesturkjördæmi atkvæðaseðil gildan þar sem skýrlega var merkt X í ferning við D-lista sem síðan var strokað út, strikað yfir nafn frambjóðanda á D-lista og merkt X í ferning við S-lista. Kjörbréfanefnd vísaði til 4. mgr. 85. gr. kosningalaga þar sem segir að kjósandi megi ekki haggja neitt við þeim listum sem hann kys ekki, hvorki strika yfir nöfn á þeim né breyta á þeim nafnaröð og mat kjörbréfanefnd seðilinn ógildan.<sup>43</sup> Var það m.a. stutt af álit kjörbréfanefndar frá 2017.<sup>44</sup>

<sup>43</sup> Álit kjörbréfanefndar 2025. Þar kemur fram að fallast beri á tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga um afgreiðslu ágreiningsseðla. Sjá tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga á 156. löggjafarþingi, kafla III.2.

<sup>44</sup> Álit kjörbréfanefndar 2017.

## 2.7. Skrifað með penna eða lit

Í kosningalögum eru ekki gerðar neinar kröfur um hvernig skriffæri skuli nota þegar kjósandi merkir X á kjörseðilinn til samræmis við vilja sinn og greiðir þannig atkvæði. Einungis að kjósandi skuli nota skriffæri sem kjörstjórn leggur til, sbr. 1. mgr. 85. gr. kosningalaga. Þá segir í 31. gr. reglugerðar nr. 500/2024 um kjörgögn og önnur aðföng við kosningar o.fl. að í kjörklefa skuli vera aðstaða til að skrifa við og skriffæri.

Í 1. mgr. 81. gr. og 1. mgr. 82. gr. eldri kosningalaga var gert ráð fyrir því að í kjörklefum væri ritblý sem kjósandi skyldi nota þegar hann greiddi atkvæði. Upphaf þess að nota blýant/ritblý við kosninguna má rekja til þess þegar teknar voru upp leynilegar kosningar hér á landi með lögum nr. 18/1903 um kosningar til Alþingis. Sá háttur hefur verið viðhafður við hlutbundnar kosningar (listakosningar) frá þeim tíma. Ljóst er að tilgangurinn hefur verið að tryggja einsleitni og þar með leynilegar kosningar.<sup>45</sup>




Nokkur dæmi eru um að gerður hafi verið ágreiningur um það hvort það felist auðkenning í því að nota penna eða lit við merkingu á kjörseðil. Svo virðist sem það eitt og sér hafi ekki valdið ógildingu atkvæða að ritað sé með penna eða lit á atkvæðaseðil, sbr. eftirfarandi skýringardæmi.

---

<sup>45</sup> Fjallað var um notkun ritblýs í atkvæðagreiðslu í greinargerð undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa á 152. löggjafarþingi í kafla 2.5.6.e.

## Skýringardæmi 31 – Gilt:

Merkt X í ferning og krotað yfir kross með blýanti og rauðum lit við annan listabókstaf.

<b>Kosningar</b>		
 <b>B</b> Listi B flokks	 <b>F</b> Listi F flokks	 <b>S</b> Listi S flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífuradóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldadóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freysgoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfadóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bollí Þorleiksson

**Skýring:** Atkvæðaseðill var þannig að merkt var X í ferning við S-lista. Jafnframt var merkt X í ferning við F-lista en um leið var krotað yfir X-ið með blýanti og rauðum lit sem telja mátti stafa af strokleðri blýants, án þess þó að ferningurinn hafi verið að fullu skyggður. Yfirkjörstjórn í Suðvesturkjördæmi í alþingiskosningum 2021 úrskurðaði ágreiningsseðilinn ógildan með vísan til þess að á honum væri að finna auðkenni, þ.e. á kjörfundarseðlinum hefði verið rauður litur í ferningi við valinn listabókstaf.<sup>46</sup> Kjörbréfanefnd mat atkvæðaseðilinn gildan og taldi að kjósandi hefði viljað leiðréttu atkvæðið og því væri ekki varhugavert að telja að það hefði átt að falla til S-lista. Hafði nefndin þá jafnframt í huga álit kjörbréfanefnda frá 2009 og 2013 þar sem um hafði verið að ræða sambærilegar merkingar á kjörfundarseðli og talið greinilegt hvaða framboðslista atkvæði væri greitt. Með vísan til 1. mgr. 101. gr. eldri kosningalaga var það mat nefndarinnar að greinilegt væri að kjósandi hefði valið S á kjörseðlinum og að atkvæðið yrði metið greitt S-lista enda færi það augljóslega ekki í bága við einn eða fleiri stafliði 100. gr. eldri kosningalaga.<sup>47</sup>

<sup>46</sup> Sjá rökstuðning í greinargerð undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa á 152. löggarþingi 2021-2022 kafla I.2.

<sup>47</sup> Álit kjörbréfanefndar 2021, sbr. greinargerð undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa sem vísað er til í álitinu, kafla I.2.

## Skýringardæmi 32 – Gilt:

Blár kross í feringi.

<b>Kosningar</b>		
 <b>A</b> Listi A flokks	 <b>B</b> Listi B flokks	 <b>C</b> Listi C flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freysgoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfisdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bollí Þorleiksson

**Skýring:** Í alþingiskosningum 2017 úrskurðaði yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis atkvæðaseðil ógildan þar sem merktur hafði verið blár kross í feringi við B-lista með þenna. Kjörbréfanefnd var ósammála þessari niðurstöðu og taldi atkvæðið gilt með vísan til 1. mgr. 101. gr. eldri kosningalaga þar sem vilji kjósenda kæmi fram.<sup>48</sup>

<sup>48</sup> Álit kjörbréfanefndar 2017, kafli I.1.

## Skýringardæmi 33 – Gilt:

Merkt X og yfirstrikað nafn með rauðum penna.

<b>Kosningar</b>		
<input type="checkbox"/> <b>D</b> Listi D flokks	<input type="checkbox"/> <b>E</b> Listi E flokks	<input checked="" type="checkbox"/> <b>F</b> Listi F flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpúðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freysgoði Þorsteinsson <del>Þórdís Kveld-Úlfssdóttir</del> Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bolli Þorleiksson

**Skýring:** Í alþingiskosningum 2017 úrskurðaði yfirkjörstjórn í Suðurkjördæmi atkvæðaseðil ógildan þar sem X var ritað með rauðum penna í ferning við F-lista, auk þess sem strikað hafði verið yfir frambjóðanda á sama lista með rauðum penna. Kjörbréfanefnd var ósammála þessari niðurstöðu og taldi atkvæðið gilt með vísan til 1. mgr. 101. gr. eldri kosningalaga þar sem vilji kjósanda kæmi fram.<sup>49</sup>

<sup>49</sup> Álit kjörbréfanefndar 2017, kafli I.1.

## Skýringardæmi 34 – Ógilt:

Ritað með penna og ritað ólögulegt S á kjörseðil.

<b>Kosningar</b>		
<input type="checkbox"/> <b>A</b> Listi A flokks	<input checked="" type="checkbox"/> <b>B</b> S Listi B flokks	<input type="checkbox"/> <b>C</b> Listi C flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freysgoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfisdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bolli Þorleiksson

**Skýring:** Í alþingiskosningum 2017 úrskurðaði yfirkjörstjórn í Suðurkjördæmi atkvæði ógilt þar sem X hafði verið ritað með penna, í stað ritblýs, auk þess sem hægra megin við sama listabókstaf hafði verið ritað ólögulegt S. Atkvæðið var talið auðkennilegt. Kjörbréfanefnd mat atkvæðið einnig ógilt vegna auðkennis.<sup>50</sup>

<sup>50</sup> Álit kjörbréfanefndar 2017, kafli I.1.

## 2.8. Breyting á nafnaröð og yfirstrikanir

Kjósanda er heimilt að breyta nafnaröð á þeim lista sem hann kys og skal hann þá setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan nafn sem hann vill hafa það þriðja o.s.frv. að svo miklu leyti sem hann vill breyta listanum, sbr. 2. mgr. 85. gr. kosningalaga.

Kjósandi getur hafnað frambjóðanda á þeim lista sem hann kys með því að strika yfir nafn hans, sbr. 3. mgr. 85. gr. kosningalaga. Talið hefur verið að ekki megi strika yfir alla frambjóðendur á lista, þá sé atkvæðið ógilt.

Við frágang kjörseðils skal kjósandi gæta þess hvernig sem hann kys að gera engin merki á kjörseðilinn umfram það sem fram kemur í kosningalögum. Hafi kjósandi gert mistök við merkingu á seðilinn er hann ónýtur og má ekki leggja hann í atkvæðakassann. Á kjósandi þá rétt á að fá nýjan kjörseðil og skal hann þá afhenda kjörstjórninni hinn fyrri seðil.

### Skýringardæmi 35 – Gilt:

*Nafnaröð breytt á lista.*

<b>Kosningar</b>		
<input type="checkbox"/> <b>A</b> Listi A flokks	<input checked="" type="checkbox"/> <b>B</b> Listi B flokks	<input type="checkbox"/> <b>C</b> Listi C flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífuradóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egill Skalla-Grimsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	6 Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson 2 Auður Vésteinsdóttir 1 Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir 3 Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir 5 Kjartan Ólafsson 4 Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freygoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfadóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bólli Þorleiksson

**Skýring:** Hér hefur kjósandi breytt nafnaröð á lista sem hann kys til samræmis við 2. mgr. 85. gr. kosningalaga.

**Skýringardæmi 36 – Gilt:***Strikað yfir nafn frambjóðanda.*

<b>Kosningar</b>		
<input type="checkbox"/> <b>A</b> Listi A flokks	<input checked="" type="checkbox"/> <b>B</b> Listi B flokks	<input type="checkbox"/> <b>C</b> Listi C flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	<del>Halgerður Langbrók Höskuldsdóttir</del> Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freysgoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfisdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bolli Þorleiksson

**Skýring:** Hér hefur kjósandi hafnað frambjóðanda á lista sem hann kýs með að strika yfir nafn hans til samræmis við 3. mgr. 85. gr. kosningalaga.

### Skýringardæmi 37 – Gilt:

Merkt X við listabókstaf, merkt óreglulegt X yfir hluta lista og strikað yfir frambjóðanda.

<b>Kosningar</b>		
<input type="checkbox"/> <b>A</b> Listi A flokks	<input checked="" type="checkbox"/> <b>B</b> Listi B flokks	<input type="checkbox"/> <b>C</b> Listi C flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egill Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	<del>Nalgerður langbrók Höskuldsdóttir</del> <del>Skarphéðinn Njálsson</del> <del>Auður Vesteinsdóttir</del> Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir <del>Kjartan Ólafsson</del> Þorgeður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freysgoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfsdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bollí Þorleiksson

**Skýring:** Í alþingiskosningum 2013 úrskurðaði yfirkjörstjórn í Reykjavíkurborg norður atkvæði ógilt þar sem merkt var með X við listabókstaf lista en jafnframt ritað óreglulegt X yfir hluta listans, auk þess sem eitt nafn á listanum var yfirstrikað. Kjörbréfanefnd taldi atkvæðið gilt þar sem vilji kjósenda kæmi fram og atkvæðið færi augljóslega ekki í bága við einn eða fleiri stafliði 100. gr. eldri kosningalaga.<sup>51</sup>

<sup>51</sup> Álit kjörbréfanefndar 2013, kafli I.2.b.

## Skýringardæmi 38 – Gilt:

Strikað yfir nafn frambjóðanda án þess að merkt væri X í fering við lista.

<b>Kosningar</b>		
<input type="checkbox"/> <b>A</b> Listi A flokks	<input type="checkbox"/> <b>B</b> Listi B flokks	<input type="checkbox"/> <b>C</b> Listi C flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir <del>Hrafkell Freygoði Þorsteinsson</del> Þórdís Kveld-Úlfsdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bolli Þorleiksson

**Skýring:** Í alþingiskosningum 2013 úrskurðaði yfirkjörstjórn í Reykjavíkurborgardæmi suður atkvæði ógilt þar sem strikað hafði verið yfir nafn frambjóðanda án þess að merkt væri X í fering við lista frambjóðandans. Kjörbréfanefnd taldi atkvæðið gilt enda greinilegt að með þessu hefði kjósandi viljað ljá umræddum lista atkvæðið sitt og lagði til með vísan til 1. mgr. 101. gr. eldri kosningalaga að atkvæðið yrði metið gilt enda færi það augljóslega ekki í bága við einn eða fleiri staflíði 100. gr. eldri kosningalaga.<sup>52</sup>

## 2.9. Ritað á bakhlið


Í þessum kafla eru sýnd tilvik þar sem ritað er á bakhlið kjörseðils. Við mat á gildi atkvæðisins er m.a. litið til þess hvort atkvæðið sé auðkennt og hvort kjósandi hafi af ásettu ráði ritað á kjörseðilinn.

<sup>52</sup> Álit kjörbréfanefndar 2013, kafli 1.3.c.

## Skýringardæmi 39 – Ógilt:

Bókstafur ritaður á bakhlið kjörseðils og ekki merkt við framboðslista.

<b>Kosningar</b>		
<input type="checkbox"/> <b>A</b> Listi A flokks	<input type="checkbox"/> <b>B</b> Listi B flokks	<input type="checkbox"/> <b>F</b> Listi F flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpúðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freysgoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfsdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir


A large, dark grey handwritten letter 'F' is centered on a light pink background, representing a ballot paper. The letter is drawn with thick, slightly irregular strokes, typical of a hand-drawn mark.

**Skýring:** Í alþingiskosningum 2024 úrskurðaði yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis atkvæðaseðil ógildan en á bakhlið hans hafði verið ritað F án þess að merkt væri með X í ferning neins framboðslista. Kjörbréfanefnd 2025 mat seðilinn ógildan með vísan til d-liðar 102. gr. kosningalaga um að atkvæði skyldi metið ógilt ef ætla mætti að merki eða áletrun á kjörseðli sé sett af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan. Í niðurstöðu kjörbréfanefndar 2025 var vísað til úrskurðar kjörbréfanefndar Alþingis 2013 l.3.b. þar sem ritað hafði verið á bakhlið tveggja ágreiningsseðla sem yfirkjörstjórn úrskurðaði ógilda. Á bakhlið annars kjörseðilsins hafði verið ritað með blýanti X B og á bakhlið hins kjörseðilsins var ritað með blýanti A. Með vísan til 84. og 85. gr., sbr. d-lið 100. gr., eldri kosningalaga lagði kjörbréfanefndin til að seðlarnir yrðu metnir ógildir.<sup>53</sup>

<sup>53</sup> Álit kjörbréfanefndar 2025. Þar kemur fram að fallast beri á tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga um afgreiðslu ágreiningsseðla. Sjá tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga á 156. löggjafarþingi, kafla III.2.

### **Skýringardæmi 40 – Ógilt:**

Á bakhlið atkvæðaseðils ritað X og bókstafur.



**Skýring:** Í alþingiskosningum 2013 í Reykjavíkurborgardæmi norður var X B ritað á bakhlið kjörseðils. Var atkvæðið metið ógilt þar sem það var auðkennt skv. niðurstöðu Alþingis.<sup>54</sup>

### **Skýringardæmi 41 – Ógilt:**

Á bakhlið atkvæðaseðils ritaður bókstafur stjórnmalasamtaka.



**Skýring:** Yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgardæmis suður í alþingiskosningum 2013 úrskurðaði atkvæðaseðil ógildan þar sem ritað var A á bakhlið hans. Kjörbréfanefnd Alþingis var því sammála með vísan til 84. og 85. gr., sbr. d-lið 100. gr., eldri kosningalaga.<sup>55</sup>

<sup>54</sup> Kjörbréfanefnd Alþingis 2013, kafli 1.3.b.

<sup>55</sup> Kjörbréfanefnd Alþingis 2013, kafli 1.3.b.

## Skýringardæmi 42 – Gilt:

Hak eða ólögulegt V í fering fyrir framan listabókstaf og krot á bakhlið.

<b>Kosningar</b>		
<input type="checkbox"/> <b>A</b> Listi A flokks	<input type="checkbox"/> <b>B</b> Listi B flokks	<input checked="" type="checkbox"/> <b>V</b> Listi V flokks
Njáll Þorgeirsson Ásdís Þorbjarnardóttir Guðrún Ósvífursdóttir Gunnar Hámundarson Unnur djúpuðga Ketilsdóttir Egil Skalla-Grímsson Melkorka Mýrkjartansdóttir Gísli Súrsson Helga Bárðardóttir Flóki Vilgerðarson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir Skarphéðinn Njálsson Auður Vésteinsdóttir Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson Hildigunnur Starkaðardóttir Grettir Ásmundarson Þórdís Þorgrímsdóttir Kjartan Ólafsson Þorgerður Egilsdóttir Bárður Snæfellsás	Bergþóra Skarphéðinsdóttir Ólafur pá Höskuldsson Ásdís Skalla-Grímsdóttir Hrafnkell Freysgoði Þorsteinsson Þórdís Kveld-Úlfssdóttir Þórður kakali Sighvatsson Steinunn Refsdóttir Harður Grímkelsson Bera Egilsdóttir Bolli Þorleiksson



**Skýring:** Í alþingiskosningum 2017 mat yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar mat norður atkvæðaseðil ógildan þar sem kjósandi hafði merkt hak eða ólögulegt V í fering fyrir framan listabókstafinn V. Jafnframt var á bakhlið seðilsins krot sem yfirkjörstjórn mat sem auðkenni og úrskurðaði seðilinn því ógildan, sbr. d-lið 100. gr. eldri kosningalaga. Kjörbréfanefnd Alþingis mat seðilinn gildan þar sem merkið hafði ekki slíkt form að í því fælist auðkenning í merkingu d-liðar 100. gr. eldri kosningalaga og var atkvæðið talið greitt V-lista.<sup>56</sup>

<sup>56</sup> Álit og tillögur kjörbréfanefndar 2017, kafli I.4.c.

### 3. Utankjörfundaratkvæði

Í kaflanum er annars vegar fjallað um bráðabirgðarannsókn á utankjörfundaratkvæðum og hins vegar um mat á gildi utankjörfundaratkvæða og sýnd ýmis dæmi þar sem reynt hefur á gildi atkvæða sem greidd hafa verið utan kjörfundar.

#### 3.1. Bráðabirgðarannsókn á utankjörfundaratkvæðum

Kosning utan kjörfundar er því aðeins gild að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörgögn, sbr. 1. mgr. 73. gr. kosningalaga. Kjörgögn við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eru: kjörseðill við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, kjörseðilsumslag, fylgibréf og sendiumslag, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 500/2024 um kjörgögn og önnur aðföng við kosningar o.fl.

Bráðabirgðarannsókn utankjörfundaratkvæða fer fram hjá kjörstjórnnum, sbr. 92. gr. kosningalaga. Hún fer þannig fram að kjörstjórnin opnar sendiumslagið og kannar hvort taka skuli atkvæðið til greina sbr. 94. gr. kosningalaga.

##### Utankjörfundaratkvæði ekki tekið til greina ef:<sup>57</sup>

- Sendandi er ekki á kjörskrá.
- Sendandi hefur afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild, sbr. ákvæði til bráðabirgða II.
- Sendandi hefur látist fyrir kjördag.
- Í sendiumslaginu er meira en eitt fylgibréf og eitt kjörseðilsumslag.
- Sjáanlegt er að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn er landskjörstjórn hefur látið gera.
- Ekki hefur verið farið eftir þeim reglum sem settar hafa verið um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.
- Atkvæðið hefur ekki verið greitt á þeim tíma sem greinir í 68. gr. og 7. mgr. 69. gr. kosningalaga.

Þá segir í 2. mgr. 94. gr. kosningalaga að ef berist fleiri en eitt atkvæði greitt utan kjörfundar frá sama kjósanda sem geta komið til greina þá skuli aðeins hið síðastgreidda atkvæði koma til greina. Atkvæðið telst greitt þann dag sem fylgibréfið er dagsett, sbr. 3. mgr. 68. gr. kosningalaga.

<sup>57</sup> Sjá 1. mgr. 94. gr. kosningalaga.

Verði ágreiningur innan kjörstjórnar eða milli kjörstjórnar og umboðsmanns framboðs um hvort utankjörfundaratkvæði sé gilt eða ógilt skal bóka nákvæmlega í gerðabókina í hverju ágreiningurinn er fólgin og leggja kjörseðilsumslagið óopnað ásamt fylgibréfi aftur í sendiumslagið og senda það til úrskurðar yfirkjörstjórnar, sbr. 95. gr. kosningalaga.

Við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar skal kjósandi undirrita fylgibréfið, sem er hluti af kjörgögnunum, í viðurvist kjörstjóra sem vottar atkvæðagreiðsluna með undirritun sinni á fylgibréfið og embættisstimpli, ef við á, sbr. 2. mgr. 74. gr. kosningalaga.

Í kosningum koma alloft upp tilvik þar sem vantar annaðhvort undirskrift kjósanda eða kjörstjóra á fylgibréfið eða hvort tveggja en fylgibréfið er rétt útfyllt að öðru leyti. Komið hefur í ljós að í þessum tilvikum hafa kjörstjórnir ekki allar metið gildi fylgibréfsins eins og þar af leiðandi hefur ekki verið samræmi í mati á gildi utankjörfundaratkvæða milli kjördæma og sveitarfélaga hvað þessi atriði varðar.

Utankjörfundaratkvæði sem berast kjörstjórn þar sem undirritun kjósanda á fylgibréfið vantar skal ekki taka til greina. Hafi hins vegar verið merkt á fylgibréfið að kjósandinn hafi notið aðstoðar skal að sjálfsgöðu taka atkvæðið til greina. Atkvæði þar sem einungis vantar embættisstimpil en fylgibréfið er að öðru leyti rétt útfyllt skal taka til greina. Í þeim tilvikum þar sem undirskrift kjörstjóra vantar en fylgibréfið er að öðru leyti rétt útfyllt skal ekki taka atkvæðið til greina.

Dæmi um galla, fylgibréf annars rétt	Tekið til greina	Ekki tekið til greina
Fylgibréf án embættisstimpils.	✓	
Undirskrift kjósanda vantar (sjá þó dæmi fyrir neðan).		✓
Undirskrift kjósanda vantar og merkt á fylgibréf að kjósandi hafi fengið aðstoð.	✓	
Fylgibréf ekki undirritað af kjörstjóra.		✓
Fylgibréf án undirritunar kjörstjóra og án embættisstimpils.		✓

## 3.2. Almennt um mat á gildi utankjörfundaratkvæða

Við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar skal kjósandi nota fyrirskipuð kjörgögn og stimpla eða rita á kjörseðil bókstaf eða heiti þess lista sem hann vill kjósa. Kjósandi getur gert breytingar í samræmi við 2. og 3. mgr. 85. gr. kosningalaga með því að breyta nafnaröð eða hafna frambjóðanda á lista sem hann kys. Í slíkum tilvikum þarf kjósandi að rita nafn frambjóðanda áður en hann getur þess hvernig hann vill hafa röðina á listanum eða ef hann vill hafna frambjóðanda með því að strika yfir nafn hans.

Við forsetakjör stimplar eða ritar kjósandinn á kjörseðilinn fullt nafn þess frambjóðanda sem hann vill kjósa af þeim sem í kjöri eru. Ekki skal þó meta atkvæði ógilt þótt sleppt sé kenninafni eða ættarnafni sé eitt sett ef greinilegt er eftir sem áður við hvern er átt, sbr. 73. gr. kosningalaga.

Um mat á gildi atkvæðis sem greitt er utan kjörfundar er fjallað í 103. gr. kosningalaga.

### Utankjörfundaratkvæði ógilt

- Kjörseðill er auður.
- Ekki má með öruggum hætti sjá hvaða framboðslista eða frambjóðanda kjósandi hefur viljað greiða atkvæði sitt.
- Ætla má að merki eða áletrun á kjörseðli sé sett af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan.
- Í umslagi með utankjörfundarseðli er annað og meira en einn kjörseðill.
- Ekki eru við atkvæðagreiðsluna notuð þau kjörgögn sem landskjörstjórn hefur mælt fyrir um.

Þá gilda sömu sjónarmið um galla á utankjörfundaratkvæði og eiga við um kjörfundaratkvæði sbr. 105. gr. kosningalaga. Af fyrri niðurstöðum má einnig álykta að í vafatilfellum sé lögð áhersla á vilja kjósanda og litið til til meginreglunnar um að atkvæði skuli metið gilt ef vilji kjósanda er skýr, kjörseðillinn ekki talinn auðkennilegur og aðrar ógildingarástæður ekki fyrir hendi.

### Skýringardæmi 43 – Gilt:

*Breytt nafnaröð.*

**Skýring:** Hér hefur kjósandi breytt nafnaröð á lista sem hann kýs með að rita nöfn frambjóðenda á seðilinn og setja tölustaf fyrir framan nöfnin til samræmis við 2. mgr. 85. gr. kosningalaga.



### 3.3. Yfirstrikanir

Kjósandi sem vill hafna frambjóðanda á þeim lista sem hann kýs ritar nafn þess frambjóðanda á utankjörfundarseðilinn og strikar svo yfir það sbr. 3. mgr. 85. gr. kosningalaga.

### Skýringardæmi 44 – Gilt:

*Frambjóðanda hafnað.*

**Skýring:** Hér hefur kjósandi hafnað frambjóðanda á lista sem hann kýs með að rita nafn frambjóðanda á seðilinn og strika svo yfir það til samræmis við 3. mgr. 85. gr. kosningalaga.



### Skýringardæmi 45 – Gilt:

*Stimplaður bókstafur, ritað nafn og strikað yfir.*

**Skýring:** Á atkvæðaseðli í alþingiskosningum 2009 í Reykjavíkurborg kjördæmi suður var stimplaður listabókstafur og ritað með ritblýi á seðilinn nafn frambjóðanda ásamt sæti á framboðslista og kjördæmi en síðan strikað yfir nafnið. Atkvæðið var metið gilt af kjörbréfanefnd Alþingis.<sup>58</sup>

#### KJÖRSEÐILL

D

1 Heltgerður Langbrók Höskuldardóttir  
Reykjavíkurborg kjördæmi suður

### Skýringardæmi 46 – Gilt:

*Ritaður bókstafur framboðs, strikað yfir og ritaður annar listabókstafur.*

**Skýring:** Á atkvæðaseðli í alþingiskosningum 2009 var bókstafurinn G ritaður með penna á seðilinn en síðan strikað yfir bókstafinn með greinilegum hætti og í stað hans ritaður listabókstafurinn V með penna. Atkvæðið var metið gilt af kjörbréfanefnd Alþingis og talið greitt V-lista.<sup>59</sup>

#### KJÖRSEÐILL

G V

<sup>58</sup> Álit og tillögur kjörbréfanefndar 2009.

<sup>59</sup> Álit og tillögur kjörbréfanefndar 2009.

### 3.4. Ógreinilegar merkingar

Í þessum kafla eru sýnd dæmi úr kosningaframingvæmd þar sem merkingar á utankjörfundaratkvæðaseðlum eru ógreinilegar.


#### Skýringardæmi 47 – Gilt:

Óskýrt hvort ritað sé O eða D.

#### Skýring:

Atkvæðaseðilinn var þannig að ritaður var bókstafur sem óljóst var hvort væri O eða D. Yfirkjörstjórn í Suðvesturkjördæmi, í alþingiskosningum 2024, úrskurðaði seðilinn ógildan með þeim rökum að ekki væri ljóst hvort um væri að ræða bókstafinn O eða bókstafinn D. Kjörbréfanefnd Alþingis taldi atkvæðið gilt og greitt D-lista, sbr. 1. mgr.

105. gr. kosningalaga. Fram kom að það skipti máli hvort listabókstafirnir sem um var að ræða væru í framboði en við alþingiskosningarnar 2024 var enginn O-listi í framboði.<sup>60</sup>



<sup>60</sup> Álit kjörbréfanefndar 2025. Þar kemur fram að fallast beri á tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga um afgreiðslu ágreiningsseðla. Sjá tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga á 156. löggjafarþingi, kafla III.2. Einnig var vísað til fordæmis í álit kjörbréfanefndar 2013, kafla I.3.g.

### Skýringardæmi 48 – Gilt:

*D ritað með snarhönd.*

**Skýring:** Yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar dæmis suður í alþingiskosningum 2017 úrskurðaði utankjörfundarseðil þar sem listabókstafurinn D hafði verið ritaður með snarhönd gildan. Enginn önnur merki voru á seðlinum. Kjörbréfanefnd Alþingis taldi seðilinn gildan og atkvæðið greitt D-lista.<sup>61</sup>

#### KJÖRSEÐILL



### Skýringardæmi 49 – Ógilt:

*Tákn sem líkist bókstafnum I.*

**Skýring:** Á utankjörfundarseðli í Norðausturkjördæmi, í alþingiskosningum 2021, var að finna tákn sem líktist bókstafnum I ritað með snarhönd. Bókstafurinn var ólíkur bókstafnum J rituðum með sama hætti þar sem bandstrik er þvert yfir miðjan legg stafsins. Yfirkjörstjórn í Norðausturkjördæmi úrskurðaði seðilinn ógildan. Kjörbréfanefnd Alþingis mat seðilinn einnig ógildan

#### KJÖRSEÐILL



og taldi að ekki yrði með vissu séð hvort það sem stendur á seðlinum geti átt við nokkurn af þeim listum sem í kjöri eru, sbr. b-lið 100. gr. eldri kosningalaga.<sup>62</sup>

**Hugleiðing:** Hafa má í huga að í þessum kosningum var enginn flokkur í framboði með listabókstafinn I.

<sup>61</sup> Álit kjörbréfanefndar 2017, kafli 1.3. Sjá einnig sambærilega niðurstöðu í áliti kjörbréfanefndar 2021, sbr. greinargerð undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa sem vísað er til í álitinu, kafla 1.3.

<sup>62</sup> Álit og tillögur kjörbréfanefndar 2021, kafli 1.1.


### 3.5. Listabókstafur eða listi ekki í framboði

Í þessum kafla er dæmi um tilvik þegar á kjörseðil hefur verið ritaður listabókstafur eða heiti stjórn málasamtaka sem ekki eru í framboði.

#### Skýringardæmi 50 – Gilt:

*p* metið sem *P* – en *p* var eldri listabókstafur.

**Skýring:** Í alþingiskosningum 2016 úrskurðaði yfirkjörstjórn í Reykjavíkurborg norður sjö utankjörfundarseðla ógilda sem allir áttu það sammerkt að vera merktir með bókstafnum *p*. Á sex þeirra var bókstafurinn *p* ritaður en á einn seðilinn var stimplað *p*. Kjörbréfanefnd Alþingis mat seðlana gilda, þrátt fyrir að ekkert framboð væri auðkennt með listabókstafnum *p* við kosningarnar.<sup>63</sup> Fram



kom í álitinu að við alþingiskosningarnar 2013 hefðu Píratar boðið fram lista undir bókstafnum *p* en við kosningarnar 2016 hefðu þeir boðið fram lista undir bókstafnum *P*. Vísað var til þess að þau tilvik sem leiða til þess að ekki beri að meta atkvæði ógilt, sbr. 101. gr. eldri kosningalaga, séu ekki tæmandi talin. Vísað var til álits kjörbréfanefndar á 137. löggjafarþingi 2009 þar sem utankjörfundaratkvæði merkt *U* skyldi telja greitt *V*-lista Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs en þá voru liðnar tvennar kosningar frá því að samtökin höfðu boðið fram undir listabókstafnum *U*. Samkvæmt framangreindu var atkvæðið metið greitt *P*-lista Pírata enda braut það ekki, eins og hér stóð á, augljóslega í bága við einn eða fleiri stafliði 100. gr. eldri kosningalaga þar sem fjallað er um hvenær atkvæði skuli meta ógilt. Með vísan til framangreinds rökstuðnings voru sams konar atkvæði úrskurðuð gild í alþingiskosningunum 2017.<sup>64</sup>

<sup>63</sup> Álit og tillögur kjörbréfanefndar 2016, kafli 2.f.

<sup>64</sup> Álit og tillögur kjörbréfanefndar 2017, kafli 4.i.

### 3.6. Mat á því hvaða framboðslista kjósandi hefur viljað greiða atkvæði

Ítrekað hafa komið fram leiðbeiningar í álitum kjörbréfanefndar um að í vafatilfellum skuli lögð áhersla á vilja kjósandans. Á þeim grundvelli hefur almennt verið litið svo á að atkvæði skuli metið gilt ef vilji kjósanda er skýr, kjörseðillinn ekki talinn auðkennilegur og aðrar ógildingarástæður ekki fyrir hendi. Sjá skýringardæmi hér á eftir.

#### Skýringardæmi 51 – Gilt:

*Ritað með óstyrkri hönd SJÁLFSTÆÐI.*

**Skýring:** Yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis suður, í alþingiskosningum 2016, úrskurðaði atkvæði ógilt þar sem merking þótti ógreinileg en kjósandi hafði ritað SJÁLFSTÆÐI á atkvæðaseðilinn. Það var álit kjörbréfanefndar að atkvæðaseðilinn væri gildur enda greinilegt að kjósandi hefði með vilja sínum ætlað að ljá umræddum lista atkvæðið sitt enda fór merking ekki augljóslega í bága við einhvern staflið 100. gr. eldri kosningalaga, sbr. 1. mgr. 101. gr. laganna.<sup>65</sup>



**Hugleiðing:** Ekki kemur beinlínis fram í álitinu hvernig niðurstaðan var en gera verður ráð fyrir að atkvæðið sé talið Sjálfstæðisflokki. Hér er því gefið umtalsvert svigrúm til túlkunar á vilja kjósanda þar sem ekki er ritað nafn framboðs heldur nafnorðið sjálfstæði.

<sup>65</sup> Álit og tillögur kjörbréfanefndar 2016, kafli 3.e.

### Skýringardæmi 52 – Gilt:

*Ritað Miðjuflokkurinn.*

Skýring: Í alþingiskosningum 2017 mat yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður atkvæðaseðil gildan þar sem ritað var Miðjuflokkurinn. Fram kemur í álitni kjörbréfanefndar að atkvæðið sé talið gilt enda megi ráða með nægilegri vissu að kjósandi hafi ætlað að ljá M-lista Miðflokksins atkvæði sitt. Var þá jafnframt litið til þess að atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hófst í kjölfar þess

að Alþingi hafði verið rofið, sbr. forsetabréf 18. september 2017, nr. 77/2017, en listabókstafur Miðflokksins var ákveðinn 6. október 2017, sbr. auglýsingu dómsmálaráðuneytisins nr. 857/2017.<sup>66</sup>



### Skýringardæmi 53 – Ógilt:

*Merking á ekki við um neitt framboð.*

Skýring: Í alþingiskosningum 2017 úrskurðaði yfirkjörstjórn í Reykjavíkurkjördæmi norður atkvæðaseðil ógildan þar sem ritað var Alþýðiflokkurinn. Kjörbréfanefnd Alþingis mat atkvæðaseðilinn ógildan þar sem ekki var séð með vissu að merkingar á atkvæðaseðlinum gætu átt við nokkurn af þeim listum sem í kjöri voru, sbr. b-lið 100. gr. eldri kosningalaga.<sup>67</sup>



**Hugleiðing:** Hér má benda á að Alþýðuflokkurinn var ekki í framboði árið 2017.


<sup>66</sup> Álit og tillögur kjörbréfanefndar 2017, kafli I.4.f.

<sup>67</sup> Álit og tillögur kjörbréfanefndar 2017, kafli I.4.g.

## Skýringardæmi 54 – Ógilt:

Ritað X-F Flokkur mansins.

**Skýring:** Yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis suður úrskurðaði atkvæðaseðil, í alþingiskosningum 2016, ógildan þar sem kjósandi hafði ritað X-F Flokkur mansins á atkvæðaseðilinn. Kjörbréfanefnd taldi að atkvæðaseðillinn væri ógildur með vísan til b-liðar 100. gr. eldri kosningalaga þar sem hvorki verður séð við hvern lista er merkt né verður séð með vissu hvort það sem stendur á utankjörfundaratkvæðaseðli getur átt við nokkurn af þeim listum sem í kjöri eru.<sup>68</sup>




**Hugleiðing:** Flokkur fólksins hafði listabókstafinn F í þessum kosningum svo hér gæti haft áhrif að ritað er skýrt nafn flokks sem er ekki í framboði, þ.e. Flokkur mansins.

<sup>68</sup> Álit kjörbréfanefndar 2016, kafli 1.3.

## Skýringardæmi 55 – Ógilt:

Ritað Bort framtíð Jon.

Skýring: Á utankjörfundar- atkvæðaseðilinn voru rituð orðin Bort framtíð Jon. Yfirkjörstjórn Reykjavíkur- kjördæmis norður, í alþingis- kosningum 2013, úrskurðaði atkvæðið ógilt. Kjörbréfanefnd mat atkvæðið einnig ógilt með vísan til c.- og d-liðar 100. gr. eldri kosningalaga.<sup>69</sup>



**Hugleiðing:** Hér má velta fyrir sér hvort það hafi verið ritun nafnsins Jon sem hafi gert seðilinn auðkennilegan eða röng stafsetning í heiti framboðs en þá var í framboði flokkur með heitinu Björt framtíð. Heimilt var skv. 2. mgr. 62. gr. eldri kosningalaga að rita á kjörseðilinn bókstaf þess lista sem kjósandi vildi kjósa og mátti hann geta þess hvernig hann vildi hafa röðina á listanum. Færa má rök fyrir því að þetta atkvæði hefði mátt meta gilt á grundvelli 2. mgr. 62. gr. kosningalaga og með vísan til skýringardæmis 51 og 52 varðandi ritun á nafni framboðs.

<sup>69</sup> Álit kjörbréfanefndar 2013, kafli I.2.c.

### 3.7. Ritaður listabókstafur og nafn

Í þessum kafla eru sýnd dæmi úr kosningafrankvæmd þar sem listabókstafur framboðs er ritaður eða stimplaður og auk þess rituð nöfn. Eins og dæmin sýna veldur það ógildi atkvæða að rita nöfn einstaklinga sem eru ekki á lista þess framboðs sem kosið er.

#### Skýringardæmi 56 – Ógilt:

*Ritaður listabókstafur og nöfn frambjóðenda sem ekki voru í framboði í kjördæminu og í sumum tilvikum strikað yfir þau.*

**Skýring:** Í alþingiskosningum 2013 voru 10 utankjörfundar-atkvæðaseðlar úrskurðaðir ógildir af yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar kjördæmis suður þar sem auk listabókstafs voru rituð nöfn frambjóðenda sem ekki voru á framboðslista í kjördæminu og í sumum tilvikum strikað yfir þau. Kjörbréfanefnd mat atkvæðið einnig ógilt með vísan til b- og c-liðar 100. gr. eldri kosningalaga.<sup>70</sup>



#### Skýringardæmi 57 – Ógilt:

*Listabókstafur og nöfn frambjóðenda sem ekki voru í framboði í kjördæminu.*

**Skýring:** Í alþingiskosningum 2013 voru tíu utankjörfundar-atkvæðaseðlar úrskurðaðir ógildir af yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar kjördæmis suður þar sem auk listabókstafs voru rituð nöfn frambjóðenda sem ekki voru á framboðslistum í kjördæminu. Kjörbréfanefnd mat atkvæðin einnig ógild.<sup>71</sup>



<sup>70</sup> Álit kjörbréfanefndar 2013, kafli I.3.g. Sams konar niðurstaða var skv. álit kjörbréfanefndar 2017, kafli I.4.h.

<sup>71</sup> Álit kjörbréfanefndar 2013, kafli I.3.g.

## Skýringardæmi 58 – Ógilt:

*Ritaður listabókstafur, heiti listans og nöfn frambjóðenda stjórnmalaflokks sem voru í framboði í öðrum kjördæmum.*

**Skýring:** Í alþingiskosningum 2024 var utankjörfundar- atkvæðaseðill þannig að ritaður var listabókstafurinn M, heiti flokksins, ásamt nöfnum frambjóðenda Miðflokksins í öðrum kjördæmum.

Yfirkjörstjórn Suðvestur- kjördæmis úrskurðaði kjör- seðilinn ógildan. Kjör- bréfanefnd Alþingis taldi atkvæðaseðilinn einnig

ógildan með vísan til b-liðar 103. gr. kosningalaga þar sem segir að atkvæði sem greitt er utan kjörfundar skuli meta ógilt ef ekki megi með öruggum hætti sjá hvaða framboðslista eða frambjóðanda kjósandi hefur viljað greiða atkvæði sitt.<sup>72</sup>

Þá var einnig vísað til þeirrar meginreglu um kosningarathöfnina sem tiltekin er í 4. mgr. 85. gr. kosningalaga að kjósandi megi ekki haggja neitt við þeim listum sem hann kys ekki, hvorki strika yfir nöfn á þeim né breyta nafnaröð þeirra, sbr. einnig kosningarathöfn við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar sem tiltekin er í 2. mgr. 73. gr. kosningalaga. Einnig er vísað til skýringa við 102.-105. gr. í frumvarpi því er varð að kosningalögum en þar kemur m.a. fram að við skýringu ákvæða um mat á gildi atkvæða sé „nauðsynlegt að líta til fyrirmæla 85. og 86. gr. [frumvarpsins] um kosningarathöfnina, þ.e. með hvaða hætti kjósandi tjáir vilja sinn við listakosningar og aðrar kosningar. Almennt verði að gera ráð fyrir því að kjósandi hafi komið atkvæði sínu til skila í samræmi við fyrirmæli 85. og 86. gr. og þær leiðbeiningar sem hafðar hafi verið til sýnis á kjörfundi og í kjörklefa.“ Er þetta mat nefndarinnar um ógildi framangreinds ágreiningsseðils einnig stutt álitum kjörbréfanefndar 2016 og 2017.<sup>73</sup> Loks var að mati undirbúningsnefndar ástæða til að nefna að í þessu tilviki stappaði nærri sjónarmiðum um auðkenningu seðla, sbr. c-lið 103. gr. kosningalaga, þar sem kjósandi skrifaði á kjörseðil nafn frambjóðanda sem ekki er á framboðslista í viðkomandi kjördæmi.



<sup>72</sup> Álit kjörbréfanefndar 2025. Þar kemur fram að fallast beri á tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga um afgreiðslu ágreiningsseðla. Sjá tillögur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kosninga á 156. löggjafarþingi, kafla III.2.

<sup>73</sup> Álit kjörbréfanefndar 2016 og álit kjörbréfanefndar 2017.

### Skýringardæmi 59 – Gilt:

Listabókstafur stimplaður og fornafn frambjóðanda flokksins ritað á seðilinn.

Skýring: Á atkvæðaseðli var stimplaður listabókstafurinn J en jafnframt ritað neðst til vinstri „Auður“. Kjörbréfanefnd Alþingis mat seðilinn gildan. Fram kom að á framboðslista J-lista Sósíalistaflokks Íslands væri frambjóðandi með fornafnið Auður í 6. sæti. Samkvæmt 2. mgr. 62. gr. laga eldri kosningalaga er kjósenda heimilt við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar að rita á



kjörseðilinn nöfn frambjóðenda og endurraða þeim. Í fyrri álitum kjörbréfanefndar hefur í vafatilfellum verið lögð áhersla á vilja kjósenda. Með vísan til þess að óyggjandi er að kjósandi hefur stimplað listabókstafinn J og ekki er óvarlegt að ætla að viðkomandi hafi viljað endurraða framangreindum frambjóðanda. Það er tillaga undirbúningsnefndarinnar að meta beri seðilinn gildan og telja atkvæðið greitt J-lista Sósíalistaflokks Íslands.<sup>74</sup>

<sup>74</sup> Álit kjörbréfanefndar 2021, kafli I.1.


### 3.8. Auðkenning

Samkvæmt 103. gr. kosningalaga skal utankjörfundaratkvæði metið ógilt ef ætla má að merki eða áletrun á kjörseðli hafi verið sett af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan. Við mat á göllum á utankjörfundaratkvæði gilda ákvæði 105. gr. kosningalaga. Hér á eftir eru dæmi þar sem metið hefur verið hvort atkvæði telst auðkennt og þar með ógilt.

#### Skýringardæmi 60 – Gilt:

*Ritaður listabókstafur framboðs og krot um 2 sm x 1 sm.*

**Skýring:** Í alþingiskosningum 2017 úrskurðaði yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður atkvæði ógilt sem merkt hafði verið D-lista en seðilinn var þannig að á hann var stimplaður bókstafurinn D og jafnframt krotað á seðlinn u.þ.b. 2 sm x 1 sm. Það var álit kjörbréfanefndar að atkvæðið væri gilt og talið greitt D-lista þar sem krotið hefði ekki slíkt form að í því fælist auðkenning í merkingu d-liðar 100. gr. eldri kosningalaga.<sup>75</sup>



<sup>75</sup> Álit kjörbréfanefndar 2017, kafli I.4.j.

### **Skýringardæmi 61 – Gilt:**

*Atkvæðaseðill skorinn í tvennt í broti.*

**Skýring:** Í alþingiskosningum 2017 úrskurðaði yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður atkvæði ógilt þar sem atkvæðaseðillinn var skorinn í tvennt. Var skurðurinn í broti seðilsins. Af gerðabók yfirkjörstjórnar verður ekki ráðið hver ástæða þess hafi verið að seðillinn var skorinn. Kjörbréfanefnd mat atkvæðaseðilinn gildan og talinn greiddan P-lista Pírata enda væri ekki varhugavert að álykta að seðillinn hafi verið skorinn um leið og kjörseðils-umslagið var opnað.<sup>76</sup>

### **KJÖRSEÐILL**




<sup>76</sup> Álit kjörbréfanefndar 2017, kafli 1.4.k.

### Skýringardæmi 62 – Ógilt:

*Skrifað á atkvæðaseðil.*

**Skýring:** Í sveitarstjórnarkosningum í Reykjavík 2022 var utankjörfundaratkvæði þannig að á það var stimplað tvisvar sinnum B og einnig stimplað A en það síðan útstrikað auk þess sem handskrifað var á atkvæðið “B en ekki A”. Yfirkjörstjórn Reykjavíkur úrskurðaði atkvæðið ógilt þar sem það væri talið auðkennt.<sup>77</sup>



### Skýringardæmi 63 – Ógilt:

*Stimplaður listabókstafur I og jafnframt ritað S með blýanti.*

**Skýring:** Í alþingiskosningum 2013 úrskurðaði yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður utankjörfundaratkvæðaseðil ógildan þar sem á hann var stimplaður bókstafurinn I og jafnframt ritað á hann S með blýanti. Kjörbréfanefnd taldi seðilinn einnig ógildan, sbr. c- og d-lið 100. gr. eldri kosningalaga þar sem c-liður fjallaði um að merkt væri við fleiri en einn listabókstaf og d-liður vísaði til auðkenningar.<sup>78</sup>



<sup>77</sup> Fundargerð yfirkjörstjórnar Reykjavíkur 14. maí 2022.

<sup>78</sup> Álit kjörbréfanefndar 2013, kafli I.2.c.

### 3.9. Ritað eða stimplað á bakhlið


Skv. 73. gr. kosningalaga skal kjósandi nota fyrirskipuð gögn og stimpla eða rita á kjörseðil bókstaf eða heiti þess lista sem hann vill kjósa. Almennt hafa utankjörfundaratkvæðaseðlar verið metnir gildir þar sem skrifað eða stimplað er á bakhlið þeirra á þeim grundvelli að kjósandi setur kjörseðil í kjörseðilsumslag í einrúmi og því ónýtist atkvæði ekki í samræmi við 90. gr. kosningalaga. Engu að síður gilda sömu sjónarmið um auðkenningu utankjörfundaratkvæða og rakin eru í kafla 2.

Hér á eftir eru dæmi um atkvæði sem meta skal gild með vísan til framangreindrar umfjöllunar.

#### Skýringardæmi 64 – Gilt:

*Ritað á bakhlið.*

**Skýring:** Kjósandi ritar nafn framboðs á bakhlið utankjörfundarseðils.



#### Skýringardæmi 65 – Gilt:

*Ritað á bakhlið.*

**Skýring:** Kjósandi ritar listabókstaf framboðs á bakhlið utankjörfundarseðils.



## 4. Þjóðaratkvæðagreiðslur

Kosningalög gilda um þjóðaratkvæðagreiðslur þegar Alþingi ályktar að fram skuli fara almenn og leynileg þjóðaratkvæðagreiðsla um tiltekið málefni eða lagafrumvarp. Þau gilda einnig um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu sem fer fram skv. 3. mgr. 11. gr., 26. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 2. og 3. mgr. 2. gr. kosningalaga.

Fjallað er um kjörgögn við þjóðaratkvæðagreiðslu í 66. gr. kosningalaga. Á kjörseðli skal koma skýrt fram spurning um hvort kjósandi samþykki þá tillögu sem borin er upp og gefnir tveir möguleikar á svari, „Já“ og „Nei“; sbr. 2. mgr. 66. gr. kosningalaga. Alþingi getur ákveðið að spurningar og svarkostir á kjörseðli í atkvæðagreiðslu séu fleiri eða orðaðir með öðrum hætti, sbr. 3. mgr. 66. gr. kosningalaga. Þá skal landskjörstjórn ákveða orðalag og framsetningu spurningar á kjörseðli í atkvæðagreiðslum skv. 3. mgr. 11. gr., 26. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Landskjörstjórn hefur á grundvelli 5. mgr. 66. gr. kosningalaga sett reglur um útlit og frágang kjörseðla sem nota skal við þjóðaratkvæðagreiðslur, sbr. reglur nr. 281/2026 um útlit og frágang kjörseðla sem nota skal við þjóðaratkvæðagreiðslur á grundvelli 2. mgr. 2. gr. kosningalaga.<sup>79</sup> Í reglunum segir með skýrum hætti hvernig kjörseðill, í þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram fer á grundvelli 2. mgr. 2. gr. kosningalaga, eigi að líta út.

Við atkvæðagreiðsluna markar kjósandi með skriffæri sem kjörstjórn leggur til X í fering fyrir framan þann svarkost á kjörseðlinum sem hann greiðir atkvæði sitt, sbr. 2. mgr. 86. gr. kosningalaga.

Yfirkjörstjórnir kjördæma úrskurða um gildi atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslu til samræmis við 104. gr. kosningalaga þar sem fjallað er um hvenær atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslu skuli meta ógilt. Á það bæði við atkvæði sem greitt er utan kjörfundar sem og á kjörfundi.

### Ógilt atkvæði

- Kjörseðill er auður.
- Ekki má með öruggum hætti sjá hvaða svarkosti kjósandi hefur viljað greiða atkvæði sitt, sbr. 2. mgr. 86. gr. kosningalaga.
- Ætla má að merki eða áletrun á kjörseðli séu sett af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan.
- Kjörseðill er ekki sá sem landskjörstjórn hefur látið gera skv. XI. kafla kosningalaga.

<sup>79</sup> Reglur nr. 281/2026 um útlit og frágang kjörseðla sem nota skal við þjóðaratkvæðagreiðslur á grundvelli 2. mgr. 2. gr. kosningalaga.

Við mat á gildi atkvæðis þegar Alþingi hefur ákveðið að spurningar á kjörseðli séu fleiri eða orðaðar með öðrum hætti, sbr. 3. mgr. 66. gr., skal meta gildi hvernar spurningar sjálfstætt. Ekki skal meta atkvæði ógilt í heild sinni þótt kjósandi hafi ekki tjáð eða mistekist að tjá afstöðu sína til einstakra spurninga á kjörseðli enda sé atkvæði að öðru leyti gilt.

Við mat á gildi atkvæðis sem greitt er utan kjörfundar í þjóðaratkvæðagreiðslu skal gætt skilyrða e- og f-liðar 103. gr. kosningalaga en í e-lið segir að atkvæðið skuli meta ógilt ef í umslagi með utankjörfundarseðli er annað og meira en einn kjörseðill. Þá skal meta atkvæði ógilt, skv. f-lið ákvæðisins, ef við atkvæðagreiðsluna eru ekki notuð þau kjörgögn sem landskjörstjórn hefur mælt fyrir um.

Kjörseðill við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar í þjóðaratkvæðagreiðslu er sá sami og við kosningu á kjörfundi, að lit frátöldum. Kosningaathöfnin fer fram með sama hætti og önnur atkvæðagreiðsla utan kjörfundar samkvæmt kosningalögum, eftir því sem við á.

Varðandi galla á atkvæði gildir ákvæði 105. gr. kosningalaga við mat á atkvæðum og vísast til umfjöllunar í 2. kafla hér að framan eftir því sem við á.

## 4.1. Auðkenning

Hér á eftir er gerð grein fyrir fjórum tilvikum sem upp komu í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2010 en þau varða öll auðkenningu.

### Skýringardæmi 66 – Ógilt:

*Auðkenni – upphrópunarmerki.*

**Skýring:** Í þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave árið 2010 var merkt X í ferning fyrir framan svarið „Nei, þau eiga að falla úr gildi“. Að auki var að finna á framhlið kjörseðilsins tákni sem líkist upphrópunarmerki eða hring fyrir neðan lóðrétt strik. Landskjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt þar sem það var auðkennt með vísan til c-liðar 100. gr. laga eldri kosningalaga.

KJÖRSEÐILL	
Eiga lög nr. 1/2010 að halda gildi?	
Merkið í annan hvorn ferninginn hér að neðan.	
<input type="checkbox"/>	Já, þau eiga að halda gildi. !
<input checked="" type="checkbox"/>	Nei, þau eiga að falla úr gildi.

### Skýringardæmi 67 – Ógilt:

*Auðkenni – broskall.*

**Skýring:** Í þjóðaratkvæðagreiðslu um lcesave árið 2010 var merkt X í ferning fyrir framan svarið „Nei, þau eiga að falla úr gildi“. Að auki var að finna á framhlið kjörseðilsins tákn eða merki með brosandí andliti þar sem augun voru dregin með tveimur hringjum með minni hringjum innan í og bogadreginni línu fyrir munn. Landskjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt þar sem það væri auðkennt með vísan til c-liðar 100. gr. laga eldri kosningalaga.

KJÖRSEÐILL	
Eiga lög nr. 1/2010 að halda gildi?	
Merkið í annan hvorn ferninginn hér að neðan.	
<input type="checkbox"/>	Já, þau eiga að halda gildi.
<input checked="" type="checkbox"/>	Nei, þau eiga að falla úr gildi. 

### Skýringardæmi 68 – Ógilt:

*Auðkenni – upphrópunarmerki, hringir og þríhyrningar.*

**Skýring:** Í þjóðaratkvæðagreiðslu um lcesave árið 2010 var merkt X í ferning fyrir framan svarið „Nei, þau eiga að falla úr gildi“. Að auki var að finna á framhlið kjörseðilsins tákn eða merki. Tvö upphrópunarmerki en þar eru tveir þríhyrningar teiknaðir beint fyrir ofan jafn marga hringi. Landskjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt þar sem það var auðkennt með vísan til c-liðar 100. gr. laga eldri kosningalaga.

KJÖRSEÐILL	
Eiga lög nr. 1/2010 að halda gildi?	
Merkið í annan hvorn ferninginn hér að neðan. 	
<input type="checkbox"/>	Já, þau eiga að halda gildi.
<input checked="" type="checkbox"/>	Nei, þau eiga að falla úr gildi.

## Skýringardæmi 69 – Ógilt:

*Auðkenni – broskall og hjarta.*

**Skýring:** Í þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave árið 2010 var X merkt í ferning fyrir framan svarið „Nei, þau eiga að falla úr gildi“. Að auki var að finna á kjörseðlinum tákn eða merki, nánar tiltekið broskall og hjarta. Landskjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt þar sem það var auðkennt með vísan til c-liðar 100. gr. laga eldri kosningalaga.

### KJÖRSEDILL

Eiga lög nr. 1/2010 að halda gildi?

Merkið í annan hvorn ferninginn hér að neðan.

Já, þau eiga að halda gildi.

Nei, þau eiga að falla úr gildi.



## 5. Óbundnar kosningar til sveitarstjórna

Ef enginn framboðslisti berst áður en framboðsfrestur rennur út fyrir kosningar til sveitarstjórna eða framboðslistar eru haldnir göllum sem ekki hefur verið bætt úr verður kosning til sveitarstjórna óbundin. Í óbundnum kosningum eru engir framboðslistar lagðir fram heldur eru allir kjósendur í viðkomandi sveitarfélagi í kjöri nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrir fram skorast undan því, sbr. 49. gr. kosningalaga. Um óbundnar kosningar getur einungis verið að ræða í kosningum til sveitarstjórna.

Við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar þegar fram fara óbundnar kosningar eru hefbundin utankjörfunargögn notuð við atkvæðagreiðslu. Í þeim tilvikum ritar kjósandi á kjörseðilinn fullt nafn og heimilisfang þeirra aðal- og varamanna sem hann kýs. Tilgreina skal varamenn í þeirri röð sem kjósandi kýs að þeir taki sæti, sbr. 3. mgr. 73. gr. kosningalaga.

Við atkvæðagreiðslu á kjördegi skrifar kjósandi fullt nafn og heimilisfang aðalmanna á þann hluta kjörseðilsins sem ætlaður er fyrir kjör aðalmanna. Á þann hluta seðilsins sem ætlaður er fyrir kjör varamanna skal hann rita nöfn varamanna og heimilisföng þeirra í þeirri röð sem hann kýs að þeir taki sæti allt að þeirri tölu sem kjósa á, sbr. 3. mgr. 86. gr. kosningalaga.

Við óbundnar kosningar má segja að kosningin sé tvíþætt, þ.e. annars vegar er um að ræða kosningu aðalmanna í sveitarstjórn (efri hluti seðilsins) og hins vegar kosningu varamanna (neðri hluti seðilsins). Atkvæðaseðillinn getur því verið gildur að því er varðar kosningu aðalmanna en ógildur hvað varamennina varðar. Í raun þarf að taka afstöðu til hvers og eins nafns á kjörseðlinum, þ.e. hvort atkvæðið teljist greitt viðkomandi.

Við kosningu aðalmanna í sveitarstjórn skiptir ekki máli í hvaða röð nöfn þeirra eru skrifuð heldur fá allir þeir sem kjósandi kýs sem aðalmenn eitt atkvæði (svo framarlega sem atkvæðið er metið gilt að öðru leyti). Þegar varamenn eru kosnir skiptir hins vegar máli í hvaða röð nöfn þeirra eru skrifuð á seðilinn.

Varðandi mat á gildi atkvæðis í óbundnum kosningum gilda ákvæði 102., 103. og 105. gr. kosningalaga og vísast til umfjöllunar í 2. kafla hér að framan eftir því sem við á.

## 5.1. Mat á gildi atkvæða

Hér á eftir eru sett fram tilbúin dæmi um ýmis tilvik sem geta komið upp og valdið vafa um gildi atkvæða. Stuðst er við almenna vitneskju og samtal við fulltrúa úr yfirkjörstjórnnum þar sem óbundin kosning hefur farið fram.

### 5.1.1. Einstaklingur hefur skorast undan kjöri

Hafi nafn einstaklings sem skorast hefur undan kjöri verið ritað á kjörseðilinn verður atkvæðaseðilinn ekki ógildur sem slíkur en atkvæði greitt þeim einstaklingi verður ógilt atkvæði. Atkvæði á sama atkvæðaseðli greitt öðrum einstaklingi/um eru gild atkvæði, svo fremi að ekki sé um aðrar ástæður að ræða sem leitt geta til ógildingar.

### 5.1.2. Fjöldi aðal- og varamanna

Atkvæði skal ekki meta ógilt af þeirri ástæðu einni að ekki er tilgreindur fullur fjöldi aðal- eða varamanna. Kjörstjórn ber almennt að telja atkvæði gilt þótt þar séu t.d. aðeins tilgreind nöfn fjögurra aðalmanna, í fimm manna sveitarstjórn, svo fremi að ekki sé um aðrar ástæður að ræða sem leitt geta til ógildingar.

Til skýringar	
<ul style="list-style-type: none"><li>Einungis tilgreindir varamenn.</li><li>Tilgreindir færri varamenn en kjósa á.</li><li>Einungis tilgreindir aðalmenn (einn eða fleiri) og engir varamenn.</li></ul>	Atkvæði gilt.
<ul style="list-style-type: none"><li>Tilgreindir fleiri aðalmenn en kjósa á. Þá er ekki hægt að taka afstöðu til þess hvern eigi að taka af kjörseðlinum.</li></ul>	Atkvæði ógilt að því er varðar alla aðalmenn.
<ul style="list-style-type: none"><li>Tilgreindir fleiri varamenn en kjósa á.</li></ul>	Atkvæði ógilt er varðar þá varamenn sem eru umfram þá tölu sem kjósa á, en gilt varðandi hina.

### **5.1.3. Sami aðili tilgreindur sem aðal- og varamaður**

Þau tilvik hafa komið upp að nafn sama einstaklings er ritað bæði á efri og neðri hluta seðilsins, þ.e. reynt er að greiða viðkomandi atkvæði bæði sem aðalmanni og varamanni. Í slíkum tilvikum er eðlilegast að telja atkvæðið gilt í sæti aðalmanns en meta atkvæðið greitt honum í sæti varamanns ógilt. Ef hann nær ekki kjöri sem aðalmaður telst atkvæðið sem honum er greitt sem aðalmanni með atkvæðum hans í sæti varamanns. Atkvæðaseðillinn væri að öðru leyti metinn gildur.

### **5.1.4. Ritun nafns og heimilisfangs**

Það er skýrt í 86. gr. kosningalaga að kjósandi eigi að skrifa bæði nafn og heimilisfang bæði aðal- og varamanna á kjörseðilinn. Atkvæði telst hins vegar ekki vera ógilt þótt sleppt sé fornafni, eftirnafni eða heimilisfangi ef greinilegt er eftir sem áður við hvern er átt, svo fremi að ekki sé um aðrar ástæður að ræða sem leitt geta til ógildingar. Slíkt fer eftir aðstæðum hverju sinni, svo sem hvort fleiri en einn kjörgengur einstaklingur ber það nafn sem ritað er á kjörseðil.

Þau tilvik hafa komið upp að texti á atkvæðaseðli er ólæsilegur og því ógerlegt að átta sig á við hvern er átt. Slíkur seðill væri ógildur að því leyti sem varðaði hið ólæsilega nafn, svo fremi að ekki sé um aðrar ástæður að ræða sem leitt geta til ógildingar.







**Landskjörstjórn**

kosning.is